



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hulduheimar

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Leiðarljós leikskólans | 3 |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra | 4 |
| 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 | 6 |
| 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025..... | 9 |
| 4 Innra mat deildar/deilda | 12 |
| 4.1 Innra mat Álfhóll | 12 |
| 4.2 Innra mat Sólskinsbær | 15 |
| 4.3 Innra mat Kardemommubær | 18 |
| 4.4 Innra mat Sjónarhóll | 21 |
| 5 Innra mat sérkennslu..... | 25 |
| 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn | 28 |
| 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla..... | 30 |
| 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 32 |
| 8 Foreldrasamvinna..... | 34 |
| 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal | 35 |
| 10 Fylgiskjöl..... | 36 |
| 10.1 Leikskóladagatal | 36 |
| 10.2 Umsögn foreldraráðs..... | 36 |
| 10.3 Önnur fylgiskjöl..... | 38 |



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós okkar í Hulduheimum eru orð Konfusiusar: „Segðu mér ég gleymi, sýndu mér ég man, leyfðu mér að reyna, ég skil“. Einkunnarorð okkar í leik og starfi eru Virðing – Gleði – Vinátta.

Virðing

- Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að skiptast á að tala, við hlustum á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur.
- Við biðjumst afsökunar þegar við meiðum, með orðum eða faðmlagi. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og þegar við getum sjálf beðið afsökunar.
- Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar. Við göngum vel um bæði inni og úti. Við göngum frá eftir okkur, förum vel með hluti, flokkum og endurnýtum.

Gleði

- Við erum glöð þegar við getum bjargað okkur sjálf, þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.
- Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum, og þegar við erum hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.
- Við einblínum á núvitund, njótum augnabliksins og sköpum jákvætt andrúmsloft með gleði því gleðin er smitandi.

Vinátta

- Við sýnum vináttu með því að vera góð hvert við annað og erum hvött til að leyfa öllum að vera með.
- Við leikum okkur saman, hjálpumst að og skemmum ekki fyrir öðrum.
- Við lærum að virða tilfinningar annarra, við skiptumst á og berum virðingu fyrir hvort öðru.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar tala á um starf í Hulduheimum er af mörgu að taka þar sem hver dagur tekur á móti okkur með nýjum ánægjulegum ævintýrum og verkefnum bæði fyrir börn og starfsfólk leikskólans. Okkar faglega starf er stöðugt í mótun þar sem við dýpkum, endurskoðum og aðlöguðum okkur að faglegu leikskólastarfi. Samverustundir, Lubbi, Blær, Náttúruleg kennsla, TMT og útivera eru þættir sem hafa festst í sessi hjá okkur ásamt sjálfssprottum leik sem er þungamiðja alls leikskólastarfins. Sjálfsprottin leikur sem fær tíma og rými á hverjum degi líkt og kemur fram í Aðalnámskrá leikskóla þá er „leikur meginnámsleið barna, hann skapar tækifæri til að læra og skilja um umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn“. Leikefniviður er fjölbreyttur og efniviður opin og aðgengilegur þannig að börnin læri sem mest í sínum daglegu samskiptum.

Haustið byrjaði vel hjá okkur í Hulduheimum og aðlögun í húsið gekk nokkuð vel á öllum deildum og hér vinnur gott og metnaðarfullt starfsfólk þar sem stöðugleiki starfsmanna eykst. Mikil veikindafjarvera hefur haft töluverð áhrif á þetta skólaár þar sem við höfum þurft að ýta skipulögðu starfi til hliðar og látið hvern dag mótast hverju sinni.

Elstu börn leikskólans var boðið að taka þátt í verkefni á vegum Myndlistaskóla Reykjavíkur sem hefur átt í árangursríku samstarfi við Skóla og frístundasvið Reykjavíkur, sem falist hefur í því að leikskólar sem hafa verið valdir úr hópi umsækjenda hafa komið með elstu barnahópana í myndlistarsmiðjur í Myndlistaskólanum. Markmið verkefnisins er að styðja við og dýpka enn frekar þá sköpun sem fer fram innan leikskólans. Einnig að kynna starfsaðferðir og nálgun myndlistarmannsins fyrir leikskólabörnum. Jafnframt að gefa leikskólabörnum kost á að kynnast vinnuumhverfi í sérútbúnum myndlistarskóla og að kynna vinnubrögð sem viðhöfð eru í myndlistarnámi fyrir stjórnendum og kennurum. Að víkka sjóndeildarhring leikskólabarna gegnum sjónræna skynjun og persónulega listræna tjáningu og að auka hæfni leikskólabarna til að beita skapandi aðferðum við fjölbreytta verkefnavinnu.

Danskennsla var hjá okkur í apríl og maí sem lauk með stórglæsilegri danssýningu tveim elstu árganga leikskólans fyrir aðstandendum sínum. Foreldrafélag leikskólans tekur þátt í þessari kennslu sem leikskólinn er afar þakklátur fyrir og mun slík kennsla verða aftur á komandi skólaári.

Sameiginlegar söngstundir voru endurvaktar og býður ein deild hinum deildum leikskólans í heimsókn á föstudögum þar sem allir syngja saman nokkur vel valin lög.

Á liðnu skólaári var lögð áhersla á sjálfsefningu og sköpun barna í bland við alla aðra þætti menntastefnunnar. Börnin skammta sér matinn til að mynda sjálf í matartímum, tvær elstu deildir af hlaðborði í matsal og yngri við borð, sem mun leiða til minnkunar á matarsóun og um leið eflir það sjálfefningu barnanna.

Starfsmannakönnunin kom ágætlega út, og ánægjulegt að sjá að í ár var hún marktæk og stefnum við á að halda því á komandi skólaárum.

Það urðu einhverjar breytingar í starfsmannahaldi í vetur, aðstoðarleikskólastjóri var ráðin, Erla Dröfn, og hóf hún störf hjá okkur 1. október. Einnig hófu fjórir aðrir starfsmenn störf hjá okkur á þessu skólaári og í dag starfar metnaðarfullur og áhugasamur hópur í Hulduheimum og erum við það heppin að þurfa ekki að ráða nema í tvær stöður fyrir komandi skólaár þar sem flest allir halda áfram



sem voru og tel ég það vera okkar bestu meðmæli. Mig langar að lokum að þakka starfsmönnum, foreldrum og okkar frábæru nemendum fyrir ómetanlegt samstarf.

Inga Birna Sigurðardóttir leikskólastjóri Hulduheima



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|----------------------------|---|---|--|
| Starfsmannakönnun | Könnun send á alla starfsmenn leikskólans í tölvupósti. Leikskólastjóri minnti hvern og einn á að svara og leysti af ef þess var óskað. | Starfsfólk leikskólans. | <p>Í heildina erum við að koma ágætlega út úr könnuninni. Þátttaka var meiri en fyrri ár (16 sem svöruðu), og var því könnunin marktæk að þessu sinni.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Að hækka svarhlutfallið enn frekar, að starfsmaður kvitti fyrir þegar hann hefur svarað könnuninni.</p> |
| Starfsþróunarsamtöl | Með opnum spurningum í starfsþróunarsamtöl um. | Starfsfólk leikskólans kom í starfsþróunarsamtal með leikskólastjóra. | <p>Almennt er góð líðan og starfsánægja góð. Starfsfólk nefnir að álag hafi verið mikið þetta skólaár vegna mikillar veikindafjarveru starfsfólks. Rætt var að samvinna milli deilda mætti vera meiri. Hefði samt lagast mikið á milli tveggja yngstu deilda. Talað var um að starfsfólk þyrfti að tileinka sér að það skiptir máli hvernig hlutirnir eru sagðir. Fram kom í viðtölum að þörf væri að sækja námskeið fyrir deildarstjóra líkt og var í boði þetta skólaár. Einnig var nefnt að starfsfólk ætlaði að vera vakandi yfir námskeiðum tengt TMT, Pecs og sköpun.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Mikilvægt er að geta sent starfsfólk sitt á námskeið sem nýtist í starfi og ætlar leikskólastjóri að gera sitt besta að verða við þeim óskum. Lítið er hægt að gera varðandi veikindafjarveru nema að horfa í jákvæðnina sem smitar út frá sér.</p> <p>Temjum okkur það „að það skiptir minna máli hvað er sagt en það skiptir mun meira máli hvernig það er sagt“.</p> |
| Innra mat barnanna | Elstu börn leikskólans og næst elstu börn leikskólans tóku þátt yfir skólaárið að meta starf | Elstu börn leikskólans og börn af Kardemommubæ voru spurð eitt og eitt og merktu við á viðeigandi matsblaði (broskarlar). | <p>Elstu börn leikskólans og næst elstu börn leikskólans tóku þátt í mati leikskólastarfsins:</p> <p>Samverustundir: Almennt voru börnin ánægð með</p> |



| | | | |
|--|--|--|---|
| | <p>leikskólans með broskarlakerfi.</p> | <p>Eftirfarandi spurningar voru lagðar fram:</p> <p>Hvernig finnst þér samverustundir?</p> <p>Hvernig finnst þér í söngstund?</p> <p>Hvernig finnst þér í útiveru?</p> <p>Hvernig finnst þér í matsalnum?</p> <p>Einnig voru lagðar fram spurningar:</p> <p>Hvað finnst þér skemmtilegt að gera í leikskólanum?</p> <p>Leika kennararnir með þér/við þig?</p> <p>Kunna kennarar að leika sér?</p> <p>Lýðræði: Elstu börn leikskólans fengu að kjósa um hvort jólaball leikskólans yrði haldið úti eða inni?</p> <p>Hvort að útskriftin yrði haldin úti eða inni?</p> | <p>samverustundirnar. En þó voru nokkrir sem fannst þær erfiðar/mjög erfiðar. Einn svaraði að það væri leiðinlegt að syngja og tveir svöruðu að það væri erfitt að sitja svona lengi.</p> <p>Tækifæri til umbóta: skipta barnahópnum niður þannig að þær höfði til sem flestra barna, að allir upplifi eitthvað jákvætt.</p> <p>Sameiginleg söngstund: Almennir voru börnin ánægð með sameiginlega söngstund en þó voru fjórum sem fannst þær erfiðar. Helstu ástæður eru þær að það sé of mikil læti og einu barni finnst bara mjög leiðinlegt að syngja.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Hafa söngstundir styttri (10 – 15 mínútur). Að börnin á þeirri deild sem býður í söngstundina fái að velja fyrir fram þau lög sem sungin verða.</p> <p>Útivera: Almenn ánægja með útiveruna en þó nokkur sem finnst hún erfið. Erfitt í sandkassanum, kalt úti, stundum erfitt, þegar einhver er að rífa af.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Starfsfólk virkari og hreyfanlegri í útiveru og taki meiri þátt í leik barna í útiveru. Því miður getum við ekki breytt veðurfarinu en getum talað upp útiveruna einnig þegar veður er ekki eins og flestir myndu vilja hafa.</p> <p>Matsalur: Börnin eru almennt ánægð í matsalnum en þó nokkrir sem tala um hávaða þar og eitt barn sem finnst mikill hávaði í strákunum.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Starfsfólk sitji til borðs með börnunum og taki þátt í þeirra umræðum. Að aðstoða börnin við að skapa rólegt umhverfi í matmálistímum.</p> <p>Hvað finnst þér skemmtilegt að gera í leikskólanum? Sjálfspróttinn leikur, útivera, perla og holókubbar voru það sem elstu og næst elstu börn leikskólans nefndu.</p> |
|--|--|--|---|



| | | | |
|--|--|--|--|
| | | | <p>Tækifæri til umbóta: Að gefa tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik barna. Að fylgjast með og rýna í leik þeirra og auka við efnivið þegar við á.</p> <p>Leika kennararnir með þér/ við þig og kunna kennarar að leika sér? Fleiri sem svöruðu þeirri spurningu með nei.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Verum meðvituð um að vera meiri þátttakendur í leik barnanna, þau sækjast í og vilja að við leikum með þeim.</p> <p>Lýðræði: Elstu börn leikskólans fengu að kjósa um hvort jólaballið yrði úti eða inni og einnig útskrift þeirra.</p> <p>Meirihlutinn kaus að hafa hvorutveggja úti sem varð raunin. Á jólaballinu var ausandi rigning en þau stóðu fast á því að það yrði úti og sýndi sig að börnin skemmtu sér konunglega og gleðin skein úr þeirra augum. Okkur starfsfólkinu var ekki alveg eins skemmt. Útskriftin var með okkur í liði veðurfarlega séð, rignði eld og brennistein þar til börnin löbbuðu út og hélst þurrt þar til henni lauk.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Mikilvægt að halda áfram að leyfa elstu og næst elstu börnunum að taka þátt í ákvarðanatökum um starf þeirra í leikskólanum. Þau eflast og taka eftir að á þau sé hlustað.</p> |
| | | | |
| | | | |



Ytra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|------------------------------|--------------------------|--|---|
| Þorra- og Góu samvera | Könnun send til foreldra | Foreldrar leikskólabarna | <p>Spurt var um upplifun foreldra á tímasetningu á Þorra-samveru og Góu-samveru:</p> <p>87% foreldra fannst tímasetning samverunnar góð, frá kl. 8:15-9:00.</p> <p>17% fannst að samveran ætti að vera í nónhressingu.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Þar sem meirihluti fannst tímasetninginn henta vel mun Þorra- og Góu samvera vera frá 8:15 – 9:00 á næsta skólaári.</p> |
| Foreldradagur | Könnun send til foreldra | Foreldrar leikskólabarna | <p>Spurt var um upplifun á foreldradeginum og þátttöku.</p> <p>85% foreldra/forráðamanna höfðu góða upplifun af þessum degi og tóku þátt.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Þar sem meirihluti var með góða upplifun á foreldradegi mun leikskólinn halda því óbreyttu á næsta skólaári.</p> |
| | | | |

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025



| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---------------------------------|--|--|--|-------------------------------------|--|--|--|
| Stjórnun | | | | | | | |
| Starfsmanna könnun | Að 80% þátttaka verði í könnun „stofnun ársins“. | Starfsmaður kvittar fyrir að hafa lokið að svara könnuninni. | Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri. | Um leið og könnunin verður opinber. | Þegar niðurstöður könnuna rinnar verða birtar. | Farið yfir blað reglulega þar sem starfsmenn kvitta fyrir og senda þá starfsmenn sem ekki hafa svarað fram til að svara. | Að sjá að þátttaka hafi aukist í 80% eða meira. |
| Teymisvinna | Að starfsfólk vinni saman í teyimum innan leikskólans: Læsis-teymi, Reggio og opinn efniviður, Græn skref og heilsuteymi, fjölmeningarteymi. | Að starfsfólk vinni að sameiginlegum markmiðum að efla þessa þætti í leikskólaskrifinu. | Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri. | Septemember 2024 | Út skólaárið | Á teymisfundum þar sem farið er yfir síðustu fundargerð. | Að teymin hittist einu sinni í mánuði og geri áætlanir sem unnið er út frá í daglegu starfi leikskólans. Einn ábyrgðarmaður er fyrir hverju teymi. |
| Uppeldis- og menntastarf | | | | | | | |
| Reggio Emilia | Halda áfram að horfa til þess að leikskólinn starfar í anda Reggio Emilia | Að starfsfólk tileinki sér hugmyndafærðina og vinni eftir henni. Horfum til leikefniviðs og losum okkur við ef hann passar ekki inn í hugmyndafærði Reggio Emilia. | Starfsfólk leikskólans | Septemember 2024 | Út skólaárið | Á mánaðarmatsblöðum, á deildarfundum, á stjórnendafundum. | Að hugmyndafræðin verði sýnileg innan leikskólans, flokkað, opinn efniviður og aðgengilegur efniviður. |
| Náttúruleg kennsla | Höldum áfram innleiðingu á Náttúrulegri | Að starfsfólk tileinki sér hugmyndaf | Allt starfsfólk leikskólans. | Septemember 2024 | Út skólaárið | Á deildarfundum og | Að starfsfólk tileinki sér að vinna með |



| | | | | | | | |
|---------------------------------------|--|---|--|----------------|----------------|--|---|
| | kennslu í leikskólastarfinu. | ræðina og vinni eftir henni. Bára heldur áfram að koma og aðstoða okkur við að festa Náttúrulegr i kennslu inn í okkar starf og virkja starfsfólk og lykilstarfsmenn. | | | | stjórnendafundum. | Náttúrulega kennslu í starfi. |
| Þemavinna | Höldum áfram að vinna með ákveðin þemu yfir skólaárið, tvö á haustönn og tvö á vorönn. | Hver deild sér um að útfæra þemavinnu sína út frá þemu hverju sinni. | Deildarstjórar | Sept 2024 | Mai 2025 | Á deildarfundum og stjórnendafundum. | Að sjá bæði glöð og stolt börn og starfsfólk eftir þemavinnu. |
| Mannauður/ Leikskólabragur | | | | | | | |
| Hljóðvist | Vera vakandi yfir hljóðvist í leikskólarým inu. | Skipta barnahópn um oftari smærri hópa í hverju rými fyrir sig. | Allir starfsmenn leikskólans. | Sept. 2024 | Mai 2025 | Reglulega á deildar- og stjórnendafundum. | Viljum að árangur sjáist í næstu starfsmanna könnun, Stofnun ársins, að ánægja með hljóðvist fari úr 2,00 niður í 1,00. |
| Loftgæði | Bæta loftgæði í leikskólarým inu. | Fá alþríf í leikskólan, lofta reglulega út, ýta eftir að loftræstikerfi verði breytt. | Stjórnendur og starfsfólk leikskólans. | Ágúst 2024 | Ágúst 2025 | Með könnun, Stofnun ársins | Viljum sjá árangur í næstu könnun, Stofnun ársins, niðurstöður fari úr 2,47 niður í 1,5. |
| Innra mat | | | | | | | |
| Mánaðarmatsblöð | Halda áfram að styðjast við mánaðarmatsblöð sem | Að starfsfólk vinni að matsblöðum í | Stjórnendateymi leikskólans | Allt skólaárið | Allt skólaárið | Á deildarfundum og rætt á stjórnendafundum | Að raddir allra starfsmanna fái að heyrast og |



| | | | | | | | |
|-----------------|---|---|------------------------------|-----------------|-----------------|---|---|
| | verkfæri til að opna umræður á deildarfundum. Einnig gott verkfæri til að meta starf innan deildar. | sameiningu út frá starfi deildarinnar. | | | | | að þeir komi að endurmati deildarinnar. Starfsfólk eflist og samvinna eykst þegar allir vinna saman. |
| Örsamtöl | Fjögur samtöl á ári, næsti yfirmaður boðar til samtals. | Að skapa vettvang og taka frá stund til að fara yfir líðan hvers starfsmanns. Hver starfsmaður setur sér eitt markmið sem hann vinnur að í sínu starfi. | Stjórnendateymi leikskólans. | Allt skólaárið. | Allt skólaárið. | Yfirmaður greinir öll samtölin og skráir hjá sér niðurstöður og kynnir fyrir starfsfólki á deildarfundum og eða stjórnendafundum. | Að stjórnendateymi leikskólans séu meðvitaðir um líðan starfsfólks leikskólans. Jafnframt að aðstoða ef þykir þörf til að starfsmaður nái sínum markmiðum í starfi. |

4 Innra mat deildar/deilda

4.1 Innra mat Álfhóll

Fimmtán börn voru á deildinni í vetur, þrettán fædd 2021 og tvö fædd 2022.

Starfsmannalega séð var staðan á deildinni erfið, töluverðar mannabreytingar voru, seint tókst að manna deildina og mikið var um veikindi/veikindaleyfi hjá starfsfólki. Þetta hafði mikil áhrif á börnin, þeim vantaði þennan stöðugleika sem skapast þegar starfsmannahópur vinnur vel saman.

Eins og alltaf var lögð áhersla á að einstaklingurinn fengi að njóta sín í leik og starf. Það gerðum við meðal annars með því að skipta þeim í hópum þar sem kennari var með þeim eða hafði góða yfirsýn. Skipting barnanna var ekki endilega miðuð við aldur þeirra. Farið var eftir áhugasviði þeirra, hvað var verið að gera eða leggja áherslu á hverju sinni. Ef verið var að leggja áherslu á félagsfærni þá var t.d. gott að hafa eldra barn með yngri barni.

Þá vorum við dugleg að nýta svæðið fyrir framan yngri deildar bæði fyrir sköpun og leik. Þudum börnunum í verkefnavinnu ýmist einu í einu eða í litlum hópum, tók það mið af aldri þeirra, þroska og hvað verið var að gera hverju sinni.



Starfsfólk var vel meðvitað um að börnin fengju verkefni og leikefni sem væru krefjandi og hæfðu aldri þeirra og þroska. Efnivið var reglulega skipt út og var áhugasvið barnanna haft til hliðsjónar. Þá voru reglulega gerðar breytingar á uppröðun húsmuna á deildinni sem var þá gjarnan hvati að nýjum leikjum og áskorunum fyrir börnin.

Dagskipulag og áætlanir eru til viðmiðunnar í starfi okkar með börnunum. Starfsfólkið er orðið sérfræðingar í að bregða út af því sem búið er að ákveða og aðlaga okkar vinnu með börnunum að því hver staðan er þann daginn. Starfsfólk er vel meðvitað um það sem við erum að leggja áherslu á með börnunum og sinnir einstaklingsmiðuðum þörfum þeirra vel. Lögð var áhersla á að vinna með börnunum í litlum hópum og einstaklingslega. Samsetning hópa var breytileg og miðaðist við þarfir og hæfni barnanna hverju sinni.

Endurmat umbótaþátta veturinn 2023-2024

Deildarfundir:

Ekki tókst að fylgja þessu eftir nema í örfá skipti. Fundir voru mjög sjaldan m.a. vegna mikils álags vegna veikindafjarveru.

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Sett inn í umbótaáætlun næsta skólaárs með von um betri skilnings á mikilvægi deildarfunda.

Samverustundir: Vorum ekki oft með tvískiptar samverustundir, samsetning hópsins var þannig að betra þótti að fleiri starfsmenn væru með börnunum meðan einn kennari stjórnaði.

Styrkleikar: Tveir til þrjú kennarar gátu séð um að leiðbeina börnunum í samveru.

Tækifæri til umbóta: Meta þarf öðru hvoru hvort betra sé að vera með tvo hópa í samveru þar sem samsetning barnahópsins hefur mikil áhrif.

Sköpun: Sköpun var stór þáttur í starfi barnanna og fólst hún m.a. í að mála, lita, líma, leira, leika með opinn verðlausan efnivið þar sem börnum gafst tækifæri til að prófa sig áfram og læra af reynslunni. Lögð var áhersla á fjölbreyttan efnivið sem bauð upp á fleiri en einn möguleika.

Styrkleikar: Börnin verða sjálfstæðari í allri sinni vinnu og betur í stakk búin til að takast á við eitthvað sem þau þekkja ekki fyrir og prófa eitthvað nýtt. Það að börnin vinni með fjölbreyttan efnivið eykur ímyndunarafli þeirra, sjálfstraust, félagsfærni. Börnin tala meira saman, skiptast á og leysa sjálf málin með jákvæðum samskiptum.

Tækifæri til umbóta: Taka myndir af öllum verkum barnanna og gera sýnileg foreldrum m.a. í Völu appinu. Alltaf að leggja áherslu á að börnin geri sjálf, fái fjölbreytt val um efnivið sem gefur þeim tækifæri til að skapa sitt eigið. Ekki vera föst í að páska ungi eigi að vera gulur með appelsínugult nef.

Að nýta umhverfið sem þriðja kennarann: Þetta gekk vel, starfsfólk breytti uppröðun á deildinni reglulega og skipti út leikefni sem vakti áhuga barnanna og leikur þeirra varð fjölbreyttari.

Styrkleikar: Börnin urðu áhugasamari, voru dugleg að prófa sig áfram, kanna möguleika sem efniviðurinn og breytt umhverfi hafði upp á að bjóða.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að vera dugleg að nýta okkur umhverfið sem þriðja kennarann og skipta út efnivið.



Skráningar: Byrjað var á að leiðbeina nýju starfsfólki við gerð skráninga en deildarstjóri var eini starfsmaður frá síðasta vetri. Við hefðum viljað hafa tækifæri til að gera skráningarnar jafnt og þétt en það tókst því miður ekki en starfsfólk er mjög áhugasamt.

Styrkleikar: Starfsfólk horfir með öðrum augum á hvað börnin eru að gera, hvernig þau uppgötva, hvernig þau læra og hvar áhugasvið þeirra liggur. Upplifun og reynsla barnanna er fest á mynd og gerð skráning.

Tækifæri til umbóta: Að starfsfólk haldi áfram að auka þekkingu sína við gerð skráninga, fari m.a. að skrifa texta við skráningar þegar það á við. Vera duglegri að gera skráningar jafn óðum.

Sjálfsprottinn leikur – opinn efniviður Leikurinn fékk góðan tíma á degi hverjum hvort sem það var inni eða úti. Lögð var áhersla á að skipta börnunum í hópa út frá félagslegum þörfum þeirra. **Styrkleikar:** Kennari var ávallt til staðar og aðstoðaði börnin og auðgaði leik þeirra m.a. með fjölbreyttu leikefni. Gætt var að því að börnin fengju nægan tíma í leikinn og fyrirvara á því þegar taka þurfti saman. **Tækifæri til umbóta:** Vera duglegri að taka ljósmyndir og gera sýnilegar foreldrum hvort heldur sem er í Völu appinu eða með skráningum.

Flæðilestur: Gekk ekki eftir en það var mikið lesið og talað við börnin í daglegu starfi. Ástæðan fyrir þessu voru mannabreytingar og langt veikindaleyfi deildarstjóra sem náði ekki að kynna þetta fyrir starfsfólki.

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Vera búinn að undirbúa vel og kynna fyrir starfsfólki á deildarfundum í upphafi vetrar. Taka umræður með starfsfólki í nóvember á deildarfundum og endurmeta.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR Álfhóll 2024-2025 | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|--|-------------------------------------|-------|-------|--|--|
| Málörvun/ flæðilestur | 1) Að hvert barn fái að lágmarki eina stund í viku. 2) Leggja inn TMT tákni í hverjum mánuði. 3) Hafa orðaforða-lista til viðmiðunar þegar ákveðið er hvaða orð | Skipulagðar málörvunarstundir þar sem lesnar eru fyrir fram ákveðnar bækur og lögð áhersla á ákveðin orð og tákni. | Deildarstjóri og deildarstarfsmenn. | Sept | Apríl | Endumetum á deildarfundum mánaðarlega. Eru börnin að nota orðin eða tákni sem við erum að leggja inn. Sjáum við framfarir. | Listi. Nýta okkur „Hæfnisramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“. Fyrir þriggja ára og eldri. |



| | | | | | | | |
|-----------------------|---|--|-----------------|-----------|----------|---|---|
| | eru lögð inn. | | | | | | |
| Deildar-fundir | Að fundir séu einu sinni í viku, 30 til 40 mín. | Báðar deildar með fund sama daginn, byrjum um kl: 9:00. Opið á milli deilda á meðan. | Deildar-stjórar | Sept 2024 | Mai 2025 | Metið á deildar-fundi tvisvar yfir skólaárið. Skoða hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. | Hvernig gengur að fara eftir því sem ákveðið er á deildarfundum. Verður starfið faglegra. |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |

4.2 Innra mat Sólskinsbær

Það voru 18 börn á Sólskinsbæ skólaárið 2023 – 2024. Þar af voru níu börn fædd 2020 og níu fædd 2021.

Á haustönn var börnunum skipt í þrjá hópa. Hver og einn hópur átti síðan að fara einu sinni í viku í skipulagðar stundir: sköpun, hreyfinu og útiveru. Það gekk yfirleitt aldrei eftir því það var mikil veikindafjarvera á deildinni þennan vetur. Við fórum þó út að minnsta kosti einu sinni á dag og gripum í sköpun þegar tækifæri gafst. Sjálfsprottni leikurinn var allsráðandi yfir daginn og við vorum aldrei fastar á klukkunni. Samverustundir voru þess vegna á mismunandi tímum þegar okkur fannst leikurinn vera að breytast í hlaup og ærslaleik. Leikefni fékk að fljóta á milli stofa og það urðu miklar framfarir á leik barnanna yfir veturinn. Hópurinn þennan vetur var einstaklega fróðleiksfús, góður og lítið var um árekstra á milli barnanna.



Við tókum oft bara hvern dag fyrir sig og fundum út hvað best væri að gera hverju sinni.

Endurmat á umbótaáætlun 2023-2024

Deildarfundir: Stefnt var að því að halda fundi einu sinni í viku 30 mín í senn. En vegna mikillar mannekleu þennan vetur dattu þeir nánast alfarið út.

Styrkleikar: Það er mjög mikilvægt að geta sest niður og rætt þau málefni sem þarf hverju sinni. Eins og eftir foreldraviðtöl eða áður en við færum í einhver stærri verkefni.

Úrbætur: Hafa opið á milli deilda á meðan fundir eru, báðar deildar sama daginn.



Samverustundir: Lagt var upp með að hafa þær tvískiptar á morgnana. Við settum myndir á vegginn þar sem hvert barn hafði sitt sæti. Það gekk vonum framár.

Styrkleikar: Börnin voru fljót að tileinka sér myndirnar og samverustundir gengu yfirleitt vel.

Tækifæri til umbóta: Hafa myndir á veggjum en skipta hópnum í tvo hópa.

Sköpun: Við skiptum börnunum í þrjá hópa þar sem hver hópur átti að fá sína stund í sköpun í hverri viku en vegna mikillar manneklu þá tókst ekki að framfylgja því. Við gripum í sköpun þegar tækifæri gafst.

Styrkleikar: Það að börnin vinni með fjölbreytan efnivið eykur ímyndunarafli þeirra, sjálfstraust, félagsfærni. Börnin tala meira saman, skiptast á og leysa sjálf málin með jákvæðum samskiptum.

Tækifæri til umbóta: Meira aðgengi að ýmskonar efnivið sem hægt er að nota yfir daginn. Að börnin fái notið sín með sínar hugmyndir, ekki fyrir fram ákveðnar af kennara.

Að nýta umhverfið sem þriðja kennarann: Við breyttum mikið til inni á deild, tókum út stórar og miklar mublur sem trufluðu. Við það stækkaði leikrýmið heilan helling og leikurinn breyttist. Reyndum að vera dugleg að skipta út leikefni og hvíla.

Styrkleikar: Börnin fengu að njóta sín inni á allri deildinni, leikefnið mátti fara á milli herbergja og þannig varð leikurinn lengri.

Tækifæri til umbóta: Losna við fleiri stóra skápa sem myndi gefa innra herberginu betri rými fyrir leik.

Frjáls leikur: Við vildum að leikurinn væri gegnum gangandi í starfinu á deildinni. Með því fá börnin tækifæri til að þroskast og læra t.d. hvernig er að vera í stórum hópi. Þannig fá þau einnig tækifæri til að auka orðaforða og skapa.

Styrkleikar: Það gekk mjög vel að leyfa börnunum að njóta sín í leik. Við tókum heilu dagana í sjálfsprottum leik. Það urðu miklar framfarir í leik hjá öllum börnum á deildinni. Kennarar voru til staðar á gólfinu og börnin leituðu til þeirra bæði til að fá þá með í leik eða vegna ágreininga sín á milli.

Tækifæri til umbóta: Fjölbreyttari leikefni sem auðvelt væri að skipta út reglulega.

Skráningar: Að allt starfsfólk á deildinni fái tíma til að gera skráningar. Ekki gafst tími til þess þar sem mikið um manneklu var þennan vetur. Deildarstjóri náði að sinna því helsta en hefði viljað að fleiri skráningar hefðu verið gerðar.

Styrkleikar: Starfsfólkið eflist í því að búa þær til og finni tækifæri til þess að gera svo.

Tækifæri til umbóta: Væri gott að fá tíma til þess að kenna starfsfólkinu á deildinni að útbúa skráningar. Hver og einn fengi svo sitt verkefni yfir veturinn til þess að sinna.



Flæðilestur: Gert var ráð fyrir flæðilestri til að fylgjast með málþroska hvers barns. Ekki voru neinar skipulagðar stundir fyrir flæðilestur þennan vetur. En aftur á móti var mikið lesið fyrir börnin og þau mjög dugleg að setjast niður og skoða bækur.

Styrkleikar: Að gefa sér tíma og rými til að lesa fyrir börnin er góður kostur og börnin fræðast heilmikið.

Tækifæri til umbóta: Að hafa stundir til þess að lesa og að öll börn fái lestur hvort sem þau sækist í bækur eða ekki.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR Sólskinsbærjar 2024-2025 | Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt? | Aðgerðir til umbóta Hvernig frankvæmum við það? | Ábyrgð Hver ber ábyrgð, Hver frankvæmir | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðfe rðir? | Viðmið um árangur |
|--|--|---|--|-----------|----------|---|---|
| Deildar-fundir | Að fundir séu einu sinni í viku. 30-40 mín. | Báðar deildar með fund sama daginn, byrjum um kl: 9:00. Opið á milli deilda á meðan. | Deildarstjórar | Sept 2024 | Mai 2025 | Metið á deildarfundum tvisvar yfir skólaárið. Skoða hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. | Hvernig gengur að fara eftir því sem ákveðið er á deildarfundum. Verður starfið faglegra. |
| Samveru-stundir | Ávallt tvískipt samveru-stund að morgni. | Tveir starfsmenn ábyrgir eina viku í einu og tveir til aðstoðar. Myndir á vegginn svo hvert barn á sitt sæti. | Starfsmaður sem á að sjá um stundina og deildarstjóri. | Sept 2024 | Mai 2025 | Deildarstarfsmenn meta á deildarfundum. Taka saman hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. | Áhugi og framfarir barnanna á samverustundum. |
| Sjálfspróttinn leikur | Að börnin fái tækifæri til að læra að leika sér óáreitt. Leikurinn og leikefni fær að fljóta um alla deildina og skipulagðar stundir teknar í samræmi við leikinn. | Kennarar séu á gólfinu tilbúnir til að taka þátt í leiknum og aðstoða börnin ef eitthvað kemur upp á. | Deildarstjóri og deildarstarfsmenn. | Sept 2024 | Mai 2025 | Umræða og skráning á deildarfundum. Skráningar. | Bera saman skráningar frá haustönn og vorönn. |



4.3 Innra mat Kardemommubær

Skólaárið 2023 – 2024 voru á Kardemommubæ 20 börn fædd árið 2019. Í ágúst komu 16 börn frá Sólskinsbæ og fjögur frá öðrum leikskólum. Um miðjan febrúar fóru tvö börn í annan leikskóla og tvö börn komu í þeirra stað.

Í dagskipulagi var gert ráð fyrir því að jafnvægi væri á milli sjálfsprottna leiksins og skipulagðra stunda auk daglegra athafna eins og að fara á salerni, handþvottar, matartíma og hvíldar. Áhersla var lögð á að börnin hefðu tækifæri til að leika sér inni og úti þar sem hugmyndir þeirra réðu ríkjum og með þann efnivið sem vakti áhuga þeirra. Samverustundir voru alla jafnan þrjár yfir daginn. Um klukkan níu voru börnin boðin velkomin með söng og svo var sungið um daga og mánuði. Auk þess fékk „Barn vikunnar“ að njóta sín í stundinni. Fyrir hádegismat sungum við og fyrir nónhressingu lásum við fyrir börnin í tveimur hópum. Skipulagt starf var mánud,- þriðjud- og miðvikudaga. Börnunum var skipt í fjóra hópa og var leikur og verkefni tengt þeim þeim sem ákveðið var að taka fyrir þ.e. vináttu og haustið fyrir áramót. Það kom fljótlega í ljós að starfsmönnum og börnum líkaði þetta fyrirkomulag ekki vel og var því ákveðið að bjóða börnunum að taka þátt í stöðvavinnu með skapandi efnivið. Í nóvember og desember var jólaundirbúningur. Á vorönn var unnið með fjöruna. Danskennari kom svo og kenndi börnunum að dansa frá 23. apríl til 28. maí. Því miður tókst okkur ekki að vinna með þemað um fuglana.



Á starfsárinu fórum við í nokkrar sögustundir í bókasafninu Spönginni, einnig fórum við í Norræna húsið, Árbæjarsafn, ein ferð í Þjóðminjasafnið og Hvalasafnið. Vetrarstarfi lauk um miðjan maí og sumarstarf hófst m.a. með aukinni útiveru, 17. júní hátíð og snúðaskokki. Hér hefur verið stiklað á stóru um starfið á deildinni. Líklega er margt ótalið s.s. umönnun barnanna, hvatning, hrós, spjall og margt annað sem er hluti af daglegu lífi leikskólans. Margt sem við hefðum getað gert betur s.s. að vinna meira með þau þemu sem ákveðið var að vinna með. Vonandi var líka margt sem við gerðum vel. Mestu máli skiptir að börnunum líði vel og að þau njóti sín sem sjálfstæðir einstaklingar.

Vegna tilraunaverkefnis Reykjavíkurborgar, fyrr í frístund, hættu elstu börnin í leikskólanum 7. júní og 10. júní hófst aðlögun barna á milli deilda leikskólans. Börn sem komu úr öðrum leikskólum byrjuðu 12. júní. Aðlögun barna stendur yfir þegar þetta er skráð og heldur áfram fram að sumarloku.

Endurmat á umbótaáætlun 2023-2024

Sköpun í anda Reggio Emilia: Þegar gátlista um sköpun í leikskóla var svarað kom í ljós að við erum að standa okkur ágætlega. Á skólaárinu höfðu börnin aðgang að fjölbreyttum opnum efnivið í leik og starfi. Auk þess náðu þau sér í viðbótarefni s.s. bíla, dúkkur og dýr. Fyrir áramót var ákveðið að vinna með þemun um vináttuna og haustið. Í nóvember og desember var unnið með jólin. Eftir áramót tók þemað um fjöruna og lífríki hennar og fuglar. Mikið var lesið af bókum um vináttu og samskipti. Einnig bækur sem gerast í fjöru og á sjó. Sungnar voru vísur og lög um þemun og börnin hvött til að teikna, mála og vinna verkefni. Einnig var farið í fjöruferð og vettvangsferðir til að skoða náttúruna eftir árstíðum. Fyrir jólin voru börnin spurð einslega hvað þau vildu gefa foreldrum sínum í jólagjöf og hvaða efnivið þau



vildu nota. Síðan voru þau aðstoðuð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Starfsmenn hvöttu börnin til sjálfstæðis og æfðu sig að nota opnar spurningar í samskiptum við börnin og hvetja þau til að tjá sig um það sem þau eru að gera. Börnin fengu vikulega tækifæri til að hreyfa sig frjálst eftir tónlist í tengslum við „Barn vikunnar“ og í leik úti og inni fengu börnin útrás fyrir leikrænni tjáningu.

Styrkleikar: Starfsmenn eru að æfa sig.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að æfa okkur að vinna í anda Reggio Emilia og að börnin ráði meira förinni, fái meiri tíma til að leika sér í sjálfsprottum leik og skapa með opunum efnivið. Ferlið aðalatriðið en ekki útkoman.

Leikurinn/opinn efniviður: Oft nutu börnin sín í leik og æfðu sig í samskiptum. Starfsmenn voru oft á gólfinu með börnunum og til staðar fyrir þau til að hvetja og leiðbeina. Starfsfólk lagði sig fram um að gera svæði leikskólans aðlaðandi og að skipuleggja þau með námstækifæri í huga. Rætt var við börnin í litlum hópum um tilfinningar og jákvæð samskipti. Ekki tókst að skrá eins og áætlað var. Jafnframt náðum við ekki að fara í vettvangsferðir eins oft og áætlað var.

Styrkleikar: Starfsmenn oft á gólfinu með börnunum og til staðar fyrir börnin.

Tækifæri til umbóta: Gefa meiri tíma fyrir sjálfsprottinn leik og fara oft á gönguferðir með börnin og staldra við á áhugaverðum stöðum.

Málörvun: Í skipulagi deildarinnar var gert ráð fyrir að málörvun ætti sér stað daglega í samtölum, samverustundum, lestri bóka, söng, „Barni vikunnar“ og fleira. Starfsmenn lögðu sig fram um að spjalla við hvert barn og spiluð voru borðspil við börnin af og til. Lesið var fyrir börnin í tveimur hópum og rætt um efni bókarinnar. Lesnar bækur skráðar á miða sem hengdur var á vegg deildarinnar og til varð bókaormur. Margar bækur voru lesnar oft en einu sinni. Ekki tókst að búa til litla hópa og lesa bækur og ræða um þær. Börnin höfðu frumkvæði að því að biðja starfsmenn að lesa fyrir sig bók og þá komu oft fleiri börn sem vildu hlusta. Hljóðkerfisvitund var eflað í tengslum við „Barn vikunnar“ og einnig í gegnum söng og spil. Aðallega tekið fyrir rím og klappa atkvæði í orðum og nöfnum.

Styrkleikar: „Barn vikunnar“, söngstundir og lestur bóka gekk mjög vel.

Tækifæri til umbóta: Nýta spil og annað námsefni til að efla málþroska barna.

Tákn með tali: Gerð var áætlun um að leggja inn, vikulega, þrjú tákn með tali, að starfsmenn kveðji börnin með TMT og reglulega sungið og gerð TMT tákn með. Við fylgdum þessari áætlun vel eftir en náðum því ekki síðasta mánuðinn á starfsárinu. Einn starfsmaður fór fyrir nokkrum árum á TMT námskeið en aðrir fóru ekki.

Styrkleikar: Við erum komin mjög vel að stað með að endurvekja notkun á TMT.

Úrbætur: Halda áfram að leggja TMT markvisst inn.



| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR Kardemommu- bær 2024-2025 | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferð- ir? | Viðmið um árangur |
|--|--|--|---|---------------|-------------|---|---|
| Málörvun/ Hljóðkerfis- vitund | Nýta spil og annað námsfni til að efla málþroska barna. | Gera áætlun um hvað tekið verður fyrir í vinnustundum með 4 –5 börnum í hverjum hóp. | Deildar- stjóri. | Sept. 2024 | Maí 2025 | Fara yfir áætlunina og meta hvernig gengur, áhuga barna og þátttöku. | Umræður á deildarfundum um áhuga barna og þátttöku. |
| Útinám | Að bjóða upp á útinám í september, október, mars, apríl og maí. Setja þetta upp sem ævintýraferð. Börnin fara í fyrir fram ákveðnum hópum. | Farið í ferðir um nágrenni leikskólans, fjöruna og fleira. | Deildar- stjóri og deildar- starfs- menn | Sept. 2024 | Maí 2025 | Taka myndir og gera mynda- skráningu um það sem gert var í ævintýra- ferð. Hengja upp skráningarnar þar sem börn, foreldrar og starfsfólk geti skoðað. | Við skráum í hvert sinn hverjir fara í ævintýraferð og hvert var farið. |
| Rólegheit í matsal og góðir borðsiðir | Börnin fara í litlum hópum fram í matsal þar til þau eru u.þ.b. 10 -12. Þegar barn er búið að borða býður starfsmaður öðru barni að koma í matsalinn. Þannig gengur það þar til allir eru búnir að borða. | Leiðbeina börnunum um góða borðsiði í rólegu umhverfi. | Deildar- stjóri og allir deildar- starfs- menn | Ágúst 2024 | Maí 2025 | Kennari í matsal skráir á blað hvernig matartíminn gengur? | Rætt á deildarfundum hvernig gengur og hvort einhverju þarf að breyta. |



4.4 Innra mat Sjónarhóll

Skólaárið 2023-2024 voru á Sjónarhóli 24 börn fædd árið 2018 og 1 barn fætt árið 2017. Eitt barn var annað árið sitt á deildinni, 17 börn komu frá Kardemommubæ, 4 börn komu frá Sólskinsbæ og 3 börn komu frá öðrum leikskólum. Aðlögun gekk vel hjá öllum börnunum.

Unnin var námsáætlun fyrir 2-3 mánuði út frá skólanámsskrá, þema, starfsáætlun og skóladagatali. Í dagskipulagi var hugað vel að því að jafnvægi væri á milli skipulagðra stunda og frjálsa leiksins. Lögð var áhersla á frjálsa leikinn og var opin svæði notuð með ákveðinn hópi barna hverju sinni. Það var lögð áhersla verkefni sem tengjast hljóðkerfisvitund og ýmsum verkefnum sem tengjast því að fara yfir á annað skólastig s.s. hugtök, stafir, hljóð, tölur o.fl.

Við fórum í nokkrar sögustundir á bókasafnið í Spönginni og börnin fengu að leika sér á bókasafninu eftir sögustundina og skoða bækur og ef þau vildu þá máttu þau velja bækur sem við tókum með í leikskólann.

Það var farið í margar lengri ferðir m.a. Norræna húsið, Þjóðminjasafnið, Þjóðleikhúsið, tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í Rimaskóla, Grasagarðinn, Borgarleikhúsið, Bíó Paradís, Hörpu, Tónskóla Hörpunnar o.fl. Í ferðum okkar erum við að kynna borginni, helstu kennileitum hennar, söfnum og skemmtilegum stöðum. Með þessum ferðum erum við að efla sjálfstæði barnsins og einnig eru þau að læra að ferðast í strætisvagni og fara eftir reglum sem eru í gildi þegar farið er í ferðir.

Um miðjan nóvember og fram til 12. janúar gerðum við hlé á hópastarfi og lögðum áherslu á leikinn og undirbúning fyrir jólin. Fyrir áramót tókum við fyrir þemað um haustið, eftir áramót var það lífríkið í fjörunni og á vormánuðum tókum við fyrir þema um fuglana. Vetrarstarfi lauk um miðjan maí og sumarstarf hófst.

Vel gekk að fylgja eftir dagskipulagi á deildinni en við höfum þurft að gera breytingar á því þegar við höfum verið í ferðum því þá dettur niður skipulagt starf.

Við tókum þátt í myndlistarsmiðjum sem er samstarfsverkefni MÍR og Reykjavíkurborgar. Við fengum úthlutað 8 skiptum þannig að hvert barn gat farið í 4 skipti því við máttum koma með 12 börn í hvert skipti. Það voru fjölbreytt verkefni sem börnin fengu að vinna í Myndlistaskólanum t.d. unnið með leir sem síðan brenndur, litahringurinn var gerður og unnin listaverk tengd honum, farið í leiki og unnið út frá þeim listaverk og margt fleira var gert. Það var sett upp smá sýning á verkum barnanna í tengslum við danssýningu sem var í maí og gátu þá foreldrar séð hvað börnin gerðu í Myndlistaskólanum.

Leikskólinn hefur allt frá upphafi lagt áherslu á metnaðarfullt samstarf við grunnskóla hverfisins. Gerð var áætlun fyrir veturinn með starfsmönnum grunnskólans og höfum við farið í heimsóknir mánaðarlega í vetur. Nemendur í 5. bekk eru skólavinir skólahópsins og taka þeir alltaf vel á móti börnunum og eru með þeim í frímínútum. Skólavinirnir hafa líka komið í heimsókn til okkar í leikskólann t.d. komu þau og lásu fyrir okkur á degi íslenskrar tungu og þau komu líka og sýndu leikskólabörnunum hvað væri í skólatöskunum sínum. Í apríl, maí og júní fórum við í heimsóknir í frístundaheimilið Hvergiland og voru þær fleiri en venjulega þegar við vissum um verkefnið „Fyrr í frístund“. Það tókst mjög vel að kynna börnunum starfið í Hvergilandi og aðlaga þau að nýjum dvalarstað og vonandi verður það börnunum auðvelt að fara frá okkur í sumar.



„Lubbi og málbeinið“ var með lestrarátak í tvær vikur í vetur og fengu börnin ljósrituð Lubbabein sem þau skrifuðu á hvaða bók var lesin fyrir þau heima. Síðan komu þau með beinin í leikskólann og gáfu Lubba, það var gaman að sjá hvað börnin voru áhugasöm og dugleg að koma með bein fyrir Lubba. Í lok vikunnar voru beinin talin og Lubbi kom í heimsókn á allar deildar og þakkaði fyrir sig.

Í tengslum við lestrarátakið þá fræddum við börnin um hvað felst í því að búa til bækur og flest öll börnin gerðu a.m.k. eina bók. Þau fengu alveg frjálssar hendur varðandi innihald bókarinnar og hvort þau gerðu myndabók eða bók með texta og myndum. Það var mjög gaman að sjá hvað þau voru hugmyndarík og bækurnar þeirra skemmtilegar.

Endurmat á umbótaáætlun 2023-2024

Sköpun: Börnin sköpuðu daglega með leikefni, perlum, ritföngum, pappír og því sem þau voru með í höndunum inni og úti. Starfsmenn og börn voru dugleg að ná í efnivið úr listakróknum til að skapa tækifæri til að nýta það sem listakrókurinn hefur að geyma. Listakrókur leikskólans er staðsettur fyrir framan yngri deildar og á pallinum hjá eldri deildum. Þar er að finna fjölbreyttan efnivið til sköpunar og gátu börnin náð sér í efnivið með aðstoð kennara.

Fjölbreytt verkefni voru unnin í myndsköpun, unnin voru þemaverkefni s.s. verkefni tengd haustinu og var þá notaður efniviður sem fenginn var úti í náttúrunni. Í tengslum við þemað um lífríkið í fjörunni voru búin til ýmis sjávardýr sem sett voru í tilbúin sjó sem hengdur var upp í loftið á deildinni, fiskar, málaðar skeljar, börnin notuðu frostið í vetur til að búa til klaka í box sem þau settu lit í og fylgdust með þegar það fraus á mjög stuttum tíma fyrir utan gluggann á deildinni. Börnin áttu að ákveða jólagjöfina sem þau gerðu fyrir foreldra sína sjálf og hvaða efnivið þau myndu nota.

Það varð lítið úr sköpun með skipulagðri leikrænni tjáningu en börnin fengu frjálssar hendur með það að búa til sína leikþætti og léku sér mikið í hlutverkaleikjum sérstaklega á „holukubbasvæðinu“ og í Hreiðrinu.

Tónlist var alltaf spiluð einu sinni í viku í tengslum við uppáhalds tónlist barns vikunnar og var þá dansað og haldið smá „dansparty“.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm og kraftmikil í sköpun hvert á sinn hátt og fengu allir að njóta sín í sköpuninni. En það eru alltaf einhver börn sem ekki velja það að fara að vinna í sköpun og var fylgst með því og þau börn hvött til að taka þátt a.m.k. tvisvar í mánuði og var þá fundin verkefni fyrir þessi börn sem tengdust þeirra áhugasviði.

Tækifæri til umbóta: Að gera listakrók aðgengilegri fyrir börnin að sækja sér efnivið. Að starfsfólk ígrundi hvernig það geti stuðlað að fjölbreyttum tækifærum til að börnin geti skapað á sínum forsendum og hafa fjölbreyttan efnivið í boði. Hvetja börnin áfram og leiðbeina þeim án þess að stjórna því sem þau eru að gera. Ræða við þau um viðfangsefnið og hvað þau gætu hugsanlega gert í framhaldinu.



Frjálsi leikurinn/opinn efniviður: Frjálsi leikurinn fékk gott rými og tíma í dagskipulaginu og höfðu börnin gott aðgengi að opum efnivið og viðbótarefni til að ná í. Það gerði leikinn meira spennandi og börnin virtust njóta þess að leika sér. Einnig var leikefni skipt út og bætt inn í til að efla námstækifærin.

Einingakubbar, sem í byrjun var lítill áhugi fyrir, urðu að áhugaverðu leikefni þegar kubbarirnir voru færðir til á leiksvæðinu og léku börnin sér með þá á ýmsa vegu. Þróaðist leikurinn á margvíslegan hátt með öðrum efniviði sem var í boði, t.d. með dýrum, köllum, bílum, hólkum, dósam og kúlum. Ef börnin báðu um ákveðið leikefni þá reyndum við að verða að óskum þeirra og nálgast leikefni innan leikskólans.

Notuð var valtafla þar sem boðið var upp á leikefni og ákveðinn fjöldi barna á hverju svæði. Börnin fengu að færa sig til eftir því sem pláss var á hverju svæði en þau þurftu alltaf að ganga frá eftir sig áður en þau færðu sig. Þetta gafst vel og munum við halda áfram með valtöflu í frjálsa leiknum.

Styrkleikar: Frjálsa leiknum var gefið gott rými og nægur tími í dagskipulaginu.

Tækifæri til umbóta: Hafa valið þannig að börnin velja svæði til að vera á og einn starfsmaður sé á hverju svæði. Þá ætti að vera auðveldað að vera til staðar fyrir börnin, ræða við þau, aðstoða, hvetja og leiðbeina um viðeigandi samskipti. Svæðin eru t.d. hlutverkaleikur með dúkkum og búningum/leiklist, bygginga-, lista-, holukubba- og spilasvæði. Hafa fjölbreyttan efnivið á hverju svæði sem skipt er út reglulega sem auðgar leik barnanna og hvetur þau til sköpunar. Svæðin verði reglulega endurskoðuð með áhuga barnanna og fjölbreytt námstækifæri í huga. Einnig verði valsvæðin skipulögð út frá þemavinnu hverju sinni.



Útinám: Gerðar voru áætlanir fyrst fram að áramótum og síðan eftir áramót og var unnið eftir þeim að nokkru leiti. Það var farið í vettvangsferðir með minni og stærri hópa og skoðað hvernig haustið tók við af sumrinu. Börnin söfnuðu efniviði í náttúrunni og unnu með það inni á deild. Farið var í fjöruferð og lífríkið í fjörunni skoðað og börnin söfnuðu skeljum, steinum og öðrum verðmætum sem þau fundu í fjörunni og tóku með sér heim. Ekkert varð af skráningum eins og við ætluðum að gera en var það vegna tímaskorts sem það var ekki gert.

Styrkleikar: Það er gott og róandi að fara út og njóta náttúrunnar. Þar er nægt rými og allir ættu að geta fundið eitthvað til að skoða og rannsaka.

Tækifæri til umbóta: Það þarf að gera skýrari ramma og ákveða hvaða kennari ber ábyrgð á útinámi.

Tákn með tali: Byrjað var að nota TMT strax í haust. Gerð var áætlun um hvað ætti að taka fyrir hverju sinni. Við bættum við nýjum orðum og æfðum það sem við vorum búin að læra. Það voru mörg lög sungin með táknum og voru börnin áhugasöm og fljót að læra. Um áramót voru börn og starfsfólk deildarinnar búin að fá sitt tákn og flest börnin kunnu tákn allra barnanna. Í kveðjustundinni í vor sungu börnin öll lögin með TMT. Enginn starfsmaður fór á TMT námskeið en þeir stafsmenn sem voru búnir að fara á námskeið sáu að mestu leiti um að kenna börnunum og öðrum kennurum táknin.

Styrkleikar: Börn og kennarar voru orðin nokkuð góð í að nota TMT og mundu eftir því að nota það.

Tækifæri til umbóta: Þetta hefur gengið vel og ætlum við að halda áfram að vinna með þetta.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR SJÓNARHÓLL 2024-2025 | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferð- ir? | Viðmið um árangur |
|--|------------------------|------------------------|--------|-------|-------|---------------------------------|----------------------|
| | | | | | | | |



| | | | | | | | |
|--|--|---|--|------------|------------|---|--|
| Jóga | Að börnin fá tækifæri til að kynna jóga og auka andlega og líkamlega vellíðan þeirra. | Þjófá uppá jóga einu sinni í viku. Börnin fara í litlum fyrir fram ákveðnum hópum (4-5 börn). | Deildarstjóri og kennari sem tekur að sér að kenna jóga. | Okt. 2024 | Apríl 2025 | Umræður á deildarfundum. Rætt um hvernig kennara finnst að gangi í tímunum og hvort eigi að breyta í hópunum og eins hvort öll börnin séu virk og njóti stundarinnar. | Spyrja börnin hvernig þeirra upplifun er í stundunum og vinna út frá því. Gera breytingar eftir væntingum barnanna til stundarinnar. |
| Hljóðkerfisvitund | Leggja meiri áherslu á verkefni tengd hljóðkerfisvitund. | Byrja strax að hausti að hafa vinnustund með 4-5 barna hópum og vinna ýmis verkefni, spila og fleira því tengt. | Deildarstjóri. | Sept. 2024 | Mái 2025 | Það verða tekin Hljóm-2 skimun á börnunum. Þau sem koma illa út úr skimuninni þá fá þau meiri þjálfun og verða skimuð aftur í mars. | Hljóm-2 skimun og umræður á deildarfundum um framfarir hjá börnunum. |
| Útinám | Að þjófá upp á útinám einu sinni í viku. Setja þetta upp sem ævintýraferð og hafa það í vali. | Engin áætlun gerð en byrjað á að setjast niður með börnunum í upphafi ævintýraferðar og tekin sameiginleg ákvörðun um hvað eigi að gera hverju sinni. | Deildarstjóri og deildarstarfsmenn | Sept 2024 | Mái 2025 | Taka myndir og gera mynda-skráningu um það sem gert var í ævintýraferð. Hengja upp skráningarnar þar sem börn, foreldrar og starfsfólk geti skoðað. | Við skráum í hvert sinn hverjir fara í ævintýraferð. Förum yfir það og athugum hvort allir fari. Förum yfir skráningar og hvetjum þau börn sem ekki hafa farið til að fara með í næstu ferð. |
| Rólegheit í matsal og góðir borðsiðir | Fyrst fara 10 börn í matsalinn og þegar barn er búíð að borða dregur það nafn barns og bíður að koma í matsalinn þannig gengur það þar til allir eru búnir að borða. | Það er gerð skipulag um hvaða börn fara fyrst og síðan dregur barnið sem er að fara inn nafn þess barns sem er á að þjófá fram. | Deildarstjóri og allir deildarstarfsmenn | Ágúst 2023 | Mái 2024 | Kennari í matsal skráir á blað hvernig matartíminn gengur, hvort hann taki of langan tíma, hvort sé mikill órói. | Rætt á deildarfundum hvernig gengur og hvort einhverju þarf að breyta. |



5 Innra mat sérkennslu

Umfang sérkennslu í Hulduheimum var mikið líkt og síðustu ár, átta börn nutu sérstuðnings í heildina. Í sérkennsluteymi leikskólans voru fjórir starfsmenn auk sérkennslustjóra. Þrír starfsmenn sinntu börnum í 1. flokki og einn starfsmaður (44%) var ráðinn til að sinna málörvun fjölyngdra barna. Auk þess sáu deildarstjórar um að skipuleggja stuðning við þau börn deildar sem nutu snemmtækrar íhlutunar. Lögð var áhersla á að allir starfsmenn deildar væru meðvitaðir um markmið og þarfir barna sem voru með stuðning auk þeirra barna sem nutu snemmtækrar íhlutunar. Áætlað var að vinna sem mest með börnin inná deildum í barnahópnum. Það gekk ágætlega en því miður vantaði oft starfsfólk á deildar vegna veikindafjarveru. Helsta markmið okkar í sérkennslunni er að allir starfsmenn komi að uppeldi og menntun allra barna. Með það markmið í huga kynntu starfsmenn sérkennslu starf sitt á skipulagsdegi í upphafi skólaárs og fóru yfir þau börn sem notið hafa þeirra stuðnings.



Í upphafi skólaárs fór sérkennslustjóri og deildarstjóri hvarrar deildar yfir öll börnin á deildinni og ræddu fyrirkomulag sérkennslu og þörf deildar fyrir stuðning við einstaka börn. Stefnt var að því að sérkennsluteymi leikskólans kæmu saman á tveggja vikna fresti það gekk í upphafi skólaárs en tókst einungis einu sinni eftir áramót vegna veikindafjarveru.

Á vorönn stofnuðu sérkennslustjórar í Grafarvogi facebooksíðu og hittust einu sinni, áætlað er að hittast reglulega næsta vetur. Breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum til sérkennslu um áramótin 2024. Fór tími í að átta sig á og finna út hvernig fjármagnið nýttist sem best fyrir þau börn sem falla undir snemmtæka íhlutun. Undanfarna mánuði hefur innleiðing verkefnisins „Betri borg fyrir börn“ (BBB) verið í hávegum og mun það koma til framkvæmda í haust. Því verða meginmarkmið hjá sérkennsluteyminu tengd þeim breytingum.

| | |
|--|--|
| Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Við skipulag sérkennslu er menntun án aðgreiningar höfð að leiðarljósi auk snemmtækrar íhlutunar. Lögð er áhersla á þarfir og þroska hvers barns, svo hvert þeirra fái notið sín á eigin forsendum. Geti tekið þátt í því starfi sem fram fer í leikskólanum og eigi hlutdeild í barnahópnum. Ávallt er byggt á faglegum rökum þegar meta á þörf á einstaklingsþjálfun. Þar er notast við markvissar skráningar til að halda utan um vinnuna og framfarir hjá barninu. Einstaklingsnámskrár eru unnar út frá gögnum frá fagaðilum sem og öðrum athugunum sem fara fram í leikskólanum t.d. TRAS, APES o.fl. auk þess er unnið með styrkleika og áhugasvið barnanna. Leikurinn er aðalnámsleið barna á leikskóla aldri og miðast snemmtæk íhlutun út frá því. Megin áhersla er á að unnið sé að markmiðum í einstaklingskrám inni á deild í barnahópnum. Skráningar eru einnig gerðar í almennu starfi t.d. atferlisskráningar, |
|--|--|



| | |
|---|---|
| | færnisráningar og tíðnisráningar varðandi hegðun. Gefðu 10 er notað með fjöltyngdum börnum á deildum. Stuðst er við Orðaforðalistann í orðaforða vinnu. |
| Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl. | TRAS er tekið á öllum börnum og sjá deildarstjórar um að fylla hann út. Farið er yfir listann í foreldraviðtölum og eru viðeigandi íhlutun og úrræði unnin í samstarfi við foreldra ef þörf krefur. EFI-2 málþroskaskimun er lögð fyrir öll börn á fjórða aldursári. Hljóm-2 er lagt fyrir elsta árgang skólans í ágúst/sept. Ef þau koma slök út úr þeirri skimun er markvisst unnið með þau börn og þau skimuð aftur í feb/mars. Börn sem eru með íhlutun eru með einstaklingsnámskrár. Einstaklingsnámskrár eru unnar út frá atferlisíhlutun, ABLLS-R, APES færnimatslista auk gagna frá öðrum fagaðilum. Jafnframt er stuðst við Orðaskil/málþroskapróf fyrir börn á aldrinum eins til þriggja ára. Smábarnalistann og Íslenska þroskalistann þegar meta á þroska og framfarir barnanna |
| Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn? | Ýmiskonar námsgögn eru notuð til að vinna út frá markmiðum í einstaklingsnámskrám bæði aðkeypt og heimagerð s.s. Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Ljáðu mér eyra (bók og stokkar), ABLLS-R skill acquisition program manual og verkefni frá Fjölbreyttum kennsluáðferðum. Margskonar spil til að vinna með málþroska, fjölbreyttar bækur og ýmis kennslugögn. Einnig nýttum við vel upplýsingar og fræðslu frá Austurmiðstöð, lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og Miðju máls og læsis (MML). |

Endurmat umbóta 2023 – 2024

Að læsisáætlun sé virk og unnið sé eftir henni:

Áætlað var að allir starfsmenn deilda kynntu sér markmið læsisáætlunarinnar, að starfsmenn væru meðvitaðir um hvernig unnið er að mál og læsi í leikskólanum. Flestir deildarstjórar fóru yfir áætlunina með starfsmönnum í september. Í febrúar hvatti læsisteymi leikskólans alla starfsmenn til að lesa og kynna sér vel læsisáætlunina. All flestir starfsmenn kynntu sér áætlunina en við þurfum að gera betur í að halda henni á lofti og fylgja betur eftir hvernig verið er að vinna að eflingu máls og læsis í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta:

Á skipulagsdögum og stjórnendafundum er farið yfir læsisáætlun leikskólans, velt fyrir sér hvort og ekki síður hvernig við eflum mál og læsi í daglegu starfi okkar.



Sérkennslustjóri/starfsmenn í sérkennslu komi a.m.k. einu sinni á önn á deildarfund með fræðslu /örfyrirlestra:

Markmiðið með þessum umbótaþætti var að efla fagvitund starfsmanna og nýta mannauðinn. Þar sem ekki tókst að halda deildarfundum reglulega í vetur, náðist ekki að uppfylla ofangreint markmið. Ákveðið var að deildar nýttu þann tíma sem gafst fyrir deildarfundum í umræður um daglegt starf, líðan og þroska barnanna.

Tækifæri til umbóta:

Ræða þennan þátt við stjórnendur og deildarstjóra er þetta raunhæft markmið sem við viljum halda inni. Ákveða þá í upphafi skólaárs 2024 hvaða fræðslu/örfyrirlestur við viljum leggja inn eða ekki.

Bæta skráningar á vinnulagi og framförum sérkennslubarna:

Markmiðið með þessum umbótaþætti var að efla markvissa vinnu með börnum sem njóta stuðnings. Starfsmenn sérkennslu fóru yfir og tóku saman efni sem notað er til að halda utan um markvissa vinnu og skráningu á framförum. Þessum skjölum hefur verið safnað saman á einn stað og eru aðgengileg fyrir starfsmenn sérkennslu og deildarstjóra.

Tækifæri til umbóta:

Halda áfram að safna gögnum/eyðublöðum sem nýtast til skráninga og eftirfylgni saman á einn stað.

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|--|---|--------------------------------------|-----------|----------|--|---|
| Virkja lausnarteymi BBB innan leikskólans. | Kynna sér vel ferli BBB. | | Leikskólastjóri/ Sérkennslustjóri | Sept 2024 | Maí 2025 | Er ferlið virkt | Virkt lausnarteymi sem hittist einu sinni í mánuði og vinna samkvæmt ferlum BBB |
| APES, færnimiðað matskerfi nýtt í mati og vinnu með börnum sem njóta snemmtækra íhlutunar. | Auka hagnýta og almenna færni bansins. | Nýta margvísleg námstækifæri sem gefast í eðlilegum aðstæðum barns. | Sérkennslustjóri og deildarstjóri | sept 2024 | Maí 2025 | Listinn lagður aftur fyrir janúar og maí | Einstaklingsnámskrá. Dagskipulag með áhersluþáttum snemmtækra íhlutunar. |



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Í haust sá starfsmaður í 21% starfshlutfalli um málörvun fjöltyngdra barna fram í janúar 2024 en þá var ráðinn starfsmaður í sérkennslu í 44% starfshlutfalli til að sinna vinnu með fjöltyngd börn. Í leikskólunum voru skráð sautján fjöltyngd börn. Fyrstu vikurnar fóru í að byggja upp traust og vináttu og málörvun fór fram í gegnum lestur, spil og sjálfssprottinn leik. Verkefni voru öll persónubundin eftir einstaklingum hvar þau voru stödd í orðaforða og tjáningu. Þar má nefna að unnið var með elstu börnum leikskólans eftir getur þeirra í HLJÓM-2 og unnið var með ýmis verkefni sem efla þau í hljóðkerfisvitund. Með yngri börnum frá 2-4 ára var mikil áhersla lögð á lestur og spil til að efla orðaforða þeirra með orðaforðalistann til hliðsjónar. Þá var mikilvægur partur af starfinu að hlúa að félagslegum tengslum fjöltyngu barnanna inn á deild þar sem starfsmaður var til staðar og tilbúinn að leiðbeina barni í leik og samskiptum við önnur börn.



| | | |
|---|--|--|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | Starfshlutfall í sérkennslu var aukið í 44% til að sinna markvissari málörvun fyrir fjöltyngd börn. | |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | Gefðu-10 er notað á öllum deildum. Starfsfólk er meðvitað um að setja orð á athafnir daglegs lífs í sem flestum aðstæðum t.d. fataklefa, matsal, gönguferðum o.sfrv. Til að byggja upp og dýpka orðaforða er orðaforðalistinn hafður til hliðsjónar. | |
| Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)? | Samverustundir eru tvisvar til þrisvar yfir daginn þar er áhersla á lestur/flæðilestur, umræður, söng, frásögn og tjáningu. Unnið er með fjölbreyttan orðaforða og hann útvíkkaður í umræðum, orð eru m.a. útskýrð, sett í annað samhengi eða leikinn. Fundin eru samheiti/andheiti og unnið með alla þætti hljóðkerfisvitundar. | |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Hæfniramar eru notaðir til að meta hvar barnið er stadd í íslensku. Deildarstjórar fylla inn í Hæfniramma tvisvar á ári. Gerðar eru einstaklingsáætlanir þegar við á. Auk þess eru viðfangsefni og framfarir skráðar í málörvunarstundunum. | |
| Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Áhersla er á virkra þátttöku fjöltyngdra barna í leik. Allir þættir máls eru hafðir í huga þar á meðal hljóðkerfisvitund. Við vinnum með vináttuverkefnið Blæ og TMT er notað á öllum deildum. Jafnframt eru áhugasvið og styrkleikar | |



| | | |
|--|---|--|
| | einstaklingsins ávallt hafðir í huga og litið er á barnið sem sterkt og getu mikið. | |
|--|---|--|

Endurmat umbótaþátta 2023-2024:

Hæfnirammur:

Markmiðið með þessum umbótaþætti var að virkja notkun á Hæfnirömmum til að meta stöðu og framfarir fjöltyngdra barna auk þess að útbúa efni/verkefni til að nota í vinnu með fjöltyngdum börnum. Deildarstjórar fylltu inni hæfniramma fyrir fjöltyngdu börnin á deildinni að hausti og að vori og mátu framfarir í samráði við starfsmann sérkennslu sem sinnti markvissri málörvun fjöltyngdra barna. Við

höfum verið að safna í banka efni m.a. frá Fjölbreyttum kennsluaðferðum til að nýta í málörvun. Það efni hentar vel í vinnu með fjöltyngdum börnum ásamt spilum og öðru efni sem við búum að.

Tækifæri til umbóta:

Notkun á hæfnirömmum verður framhaldið en ákveðið var að leggja matið fyrir í sept., jan og maí til að fá góða heildarmynd yfir stöðu barnsins. Ef framfarir eru hægar er snemmtæk íhlutun hafin í samráði við foreldra.

Vinna með fjöltyngd börn í daglegu starfi:

Markmiðið var að auka virkni deilda í vinnu með fjöltyngd börn. Við merkjum að deildarstarfsmenn eru meðvitaðri um hlutverk sitt og unnið hefur verið markvisst með Gefðu 10 á öllum deildum. Tekin voru saman mikilvæg orð/orðflokkar og tákni (TMT) sem tengdust þema mánaðarins og unnið með þau á öllum deildum.

Tækifæri til umbóta:

Að starfsmenn deildar fari markvisst inni sjálfspottinn leik hjá fjöltyngdum börnum til að styrkja félagsfærni og efla orðaforða barnanna í leik og starfi. Stuðla að bættri hópaskiptingu svo að öll fái jöfn tækifæri.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

| UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|--|---|--|--|----------------|-------------|-------------------------------------|--|
| Starfsmenn taka þátt í sjálfspottnu m leik fjöltyngdra barnanna. | Styrkja fjöltyngd börn í sjálfspottnum leik og um leið efla félagsfærni og orðaforða. | Að starfsmenn lesi sér til um sjálfspottinn leik barna | Sérkennlustjóri, verkefnastjóri fjölmennningar og deildarstjórar | Sept . 2024 | Maí 2025 | Með hæfnirömmu m jan., og maí 2025. | Aukin samskipti og félagsfærni í sjálfspottnum leik. |



| | | | | | | | |
|--|---|--|-----------------------------------|---------------|-------------|--|---|
| Auka sýnileka fjölmennningar í leikskólanum. | Að öll börn leikskólans kynnist ólíkum tungumálaheimum. Starfsmenn kynni sér fjölbreyttar leiðir til að efla fjölmenningu í leikskólanum. | Vinna a.m.k. tvö fjölmennningar verkefni yfir skólaárið. | Sérkennslustjóri, verkefnastjóri. | Sept. 2024 | Maí 2025 | Umræður á samráðs fundum sérkennsluteymis og deildarfundum | Að tungumál barnanna og starfsmanna leikskólans verða tekinn fyrir. Og þau verkefni sem unnin hafa verið. |
|--|---|--|-----------------------------------|---------------|-------------|--|---|

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á þessu starfsári ætlum við að halda örsamtölum áfram. Örsamtöl eru fjögur stutt samtöl yfir veturinn sem standa yfir í ca. 15-20 mínútur hvert. Umræðuefni örsamtala er styrkleikar og hæfileiki, starfsandi, þjálfun og starfsþróun, tækifæri til vaxtar, nýsköpun og stöðugar framfarir. Deildarstjórar taka snerpusamtöl við sína deildarstarfsmenn og Sérkennslustjóri tekur snerpusamtöl við starfsmenn sem sinna sérkennslu innan leikskólans.

Leikskólastjóri tekur starfsþróunarsamtöl við deildarstjóra, starfsmenn, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Fyrir hvert samtal fá starfsmenn umræðuefni og spurningar og hafa því tíma til að undirbúa sig og ef allir koma vel undirbúnir í samtalið þá ætti samtalið að fara fram innan skilgreinds tímaramma. Fundir og samtöl við nýja starfsmenn fara fram á fyrstu þrem mánuðum í starfi. Þar er farið yfir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, þjálfun, hvatningu og líðan á vinnustað og þeir hvattir til að horfa á kynningarefni inni á Fróða um móttöku fyrir nýja starfsmenn. Það er í höndum leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra að halda utan um móttöku og móttökuáætlun ásamt deildarstjórum. Deildarstjórar eru jafnframt með leiðbeiningar- og hvatningarsamtöl við nýja starfsmenn.



Fræðsla starfsárið 2023-2024

- Leikskólinn tók þátt í þróunarverkefni með Austurmiðstöð og leikskólanum Hömrum í náttúrulegri kennsluáferð í átt að jákvæðri hegðun.
- Trúnaðarmenn stéttarfélaga innan leikskólans sóttu fræðslu.
- Fyrirlestur frá Miðja máls og læsis um mikilvægi sjálfsprottins leiks hjá leikskólabörnum á skipulagsdegi.
- Fyrirlestur frá Miðja máls og læsis um fjölmenningu í leikskólastarfi á skipulagsdegi.
- Skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða kross Íslands.



- Foreldri barns með sjaldgæfan genetiskan breytileika á KCNB1 geni sem veldur alvarlegri flogaveiki, heilalægri ataxískri hreyfihömlun, þroskahömlun og málþroskaröskun kom með fræðslu inn í leikskólann.
- Leikskólastjóri tók þátt í lærdómssamfélagi leikskólastjóra á vegum Skóla og frístundasviðs.
- Sérkennslustjóri tók þátt í lærdómssamfélagi sérkennslu á vegum Skóla og frístundasviðs.
- Sérkennslustjóri tók þátt í lærdómssamfélagi læsis á vegum Skóla og frístundasviðs.
- Sérkennslustjóri tók þátt í handleiðslu í vinnu með ABLLS-R listann hjá Austurmiðstöð
- Sérkennslustjóri sótti námskeið í Smábarnalista.
- Deildarstjórar sóttu námskeið á vegum Menntafléttunar.
- Þrír starfsmenn í sérkennslu sóttu námskeið í TEACCH.
- Elstu nemendur leikskólans tóku þátt í verkefni á vegum Myndlistaskóla Reykjavíkur.
- Leikskólastjóri kláraði 60ETC eininga Viðbótardiplómu í Stjórnun menntastofnanna frá Háskóla Íslands.
- Starfsmaður í sérkennslu kláraði 20ETC einingar í viðbótardiplómu Menntun allra frá Háskóla Íslands.
- Starfsmaður í sérkennslu sótti námskeið í PECS.
- Einn starfsmaður stundar nám við Háskólann á Akureyri í Sálfræði.
- Fræðsla vegna sykursýki hjá börnum.

Áherslur og símenntun starfsárið 2024-2025

- Námskeið sem verða í boði hjá Skóla-og frístundasviði sem hentar okkar starfi og okkar vinnu við innleiðingu Menntastefnunnar.
- Teymisfundir innan leikskólans.
- Námskeið og fræðsla um Reggio Emilia.
- Námskeið, fyrirlestrar og fræðsla um Náttúrulega kennslu.
- Starfsfólk verði duglegt að sækja sér endurmenntun.
- Sérkennslustjóri ætlar að sækja sér réttindi vegna úrvinnslu á Íslenska þroskalanum.
- Deildarstjórar sækja námskeið á vegum Menntafléttunar.
- Nýliðafræðsla.
- Starfsfólk nýtir sér TORGIÐ á vegum Reykjavíkurborg.



- TMT námskeið á skipulagsdegi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Markmið samstarfs Borgaskóla, Hulduheima og Hvergilands miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af fyrsta skólastiginu yfir á annað. Elstu börnin í leikskólanum Hulduheimum eru flest væntanlegir nemendur í Borgaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnst starfinu í skólanum og aðstæðum. Einnig er það skemmtilegt fyrir nemendur í fimmta bekk að fá það hlutverk að vera skólavinir væntanlegra nemenda í fyrsta bekk. Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.

Síðastliðið starfsár gekk samstarfið við Borgaskóla mjög vel og gekk alveg samkvæmt þeirri áætlun sem gerð var. Við gerðum þá breytingu að skipta barnahópnum í nokkrar heimsóknir þannig að þau gætu notið þeirra betur og kennarar náð betur til þeirra. Heimsóknir í frístundaheimilið Hvergiland voru fleiri en verið hefur þar sem í ljós kom á vormánuðum að börnin færu í sumarfrístund 10. júní og var því tekin sú ákvörðun að hafa fleiri heimsóknir þannig að börnin væru búin að kynnst starfinu þar og starfsfólkinu áður en þau færu í annað skólaumhverfi.

Hér fyrir neðan er áætlunin sem var gerð fyrir starfsárið 2023-2024 og komum við til með að halda áfram á sömu braut og bætum inn í áætlunina heimsóknir í frístundaheimilið Hvergiland.



Skipulag sem kemur frá Borgaskóla fyrir skólaárið 2024-2025

September

Þriðjudaginn 5. september kl.9:20. Pálína kemur í leikskólann og kynnir sig.

Föstudaginn 8. september kl.9:10 Leikskólanemendur koma í Borgaskóla að skoða **skólabygginguna** og hitta **skólastjóra**. Eftir heimsóknina fara þau í frímínútur með skólavinum

Október

Mánudaginn 2. október kl.10:50 skólavinir. Nemendur í 5. bekk koma í heimsókn í leikskólann að sýna skólatöskurnar sínar, verða mögulega eitthvað með leikskólanemendum í frjálsum leik.

Leikskólanemendur koma í heimsókn í **myndmennt** (skipt í 2 hópa)

Föstudagur 6. október 9:50-10:50 **byrja** í frímínútum með skólavinum og verða svo í tíma með skólavinum á eftir.

Föstudagur 13. október 9:50-10:50 **byrja** í frímínútum með skólavinum og verða svo í tíma með skólavinum á eftir.



Nóvember

Leikskólanemendur koma í heimsókn á **bókasafnið** (skipt í tvo hópa) fá fræðslu þar og sögustund. Síðan fara þau út í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með leiki fyrir þau sem vilja.

Mánudagur 6. nóv kl.9:10-9:50 (skólavinir sjá um frímínútur **eftir** heimsókn)

Mánudagur 20. nóv kl.9:10-9:50 (skólavinir sjá um frímínútur **eftir** heimsókn)

16. nóvember er dagur íslenskrar tungu þar sem 5. bekkur fer í heimsókn á Hulduheima og les fyrir alla krakkana þar (skipt niður á deildir).

Desember

Leikskólanemendum verður boðið að koma og sjá leiksýningu (sjáum aðeins til með þetta, leikskólarnir eru með mikið skipulag í desember)

Janúar

Leikskólanemendur koma í heimsókn í **saumastofuna** og hitta Gyðu og fá smá fræðslu um ýmis verkefni, tæki og tól sem notuð eru þar (skipt í 2 hópa).

Þriðjudagurinn 9. janúar kl.9:20-9:50 (skólavinir sjá um frímínútur **eftir** heimsókn)

Þriðjudagurinn 16. janúar kl.9:20-9:50 (skólavinir sjá um frímínútur **eftir** heimsókn)

Febrúar

Leikskólanemendur koma í **heimilisfræði**, taka þátt í verkefnum sem Áshildur skipuleggur (skipt í 2 hópa).

Fimmtudagur 1. febrúar kl.8:30

Fimmtudagur 8. febrúar kl.8:30

Mars

Leikskólanemendur koma í **Tónmennt** (hálfan tíma) og **íþróttir** (hálfan tíma) og fá að taka þátt í því sem verður á dagskrá þar.

Mánudagur 4. mars kl.9:10 Hópur 1 byrjar í Tónmennt og hópur 2 byrjar í íþróttasal. Um miðjan tímamann er skipt og hópur 2 fer í tónmennt og hópur 1 fer í íþróttasal.

Apríl

Leikskólanemendur koma í heimsókn í **smíðastofuna** þar sem þau fá verkefni til að vinna (skipt í 3 hópa).

Föstudagur 5. apríl kl.9:10-9:50

Föstudagur 12. apríl kl.9:10-9:50

Föstudagur 19. apríl kl.9:10-9:50



Maí

Leikskólanemendur koma í heimsókn í **fyrsta bekk** (skipt í 2 hópa).

Mánudagur 6. maí kl.8:30-9:50

Þriðjudagur 7. maí kl.8:30-9:50



8 Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú fulltrúar.
- Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn.
- Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði.
- Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur. Á foreldrafundi leikskólans í september er kosið í foreldraráð og foreldrafélag, en nú starfa þrjú fulltrúar í ráðinu og fimm fulltrúar í félaginu.

Haldnir hafa verið um 3 - 4 fundir á ári eða eftir þörfum og er umsögn gefin með starfsáætlun fyrir lok júní ár hvert. Einn fulltrúi í foreldraráði situr í áfallaráði leikskólans.

Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans Samkvæmt leikskólalögum ber skóla- og frístundaráði að samþykka skólanámskrá og starfsáætlun leikskóla. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

Foreldraráð skal fylgjast með:

- Framkvæmd skólanámskrár
- Framkvæmd annarra áætlana innan leikskólans



- Að skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar fyrir foreldrum.

Undanfarin ár hafa foreldrar barna í Hulduheimum verið send kynning á starfi leikskólans í stað þess að boða foreldra á haustfundi þar sem mjög dræm þátttaka hefur verið á slíka fundi. Inni á heimasvæði leikskólans hjá Reykjavíkurborg er kynningarmyndband um starf okkar í Hulduheimum. Foreldrasamtöl eru tvö á ári, í október og í mars/apríl. Foreldrasamtöl eru oftast ef foreldrar óska eftir því eða ef ástæða þykir til. Við höfum það fyrir reglu að halda alltaf fund og samræma aðgerðir heima og í leikskólanum ef eitthvað kemur uppá sem þarf að skoða betur því það er ósk okkar að samstarf milli heimilis og skóla sé eins og best verður á kosið. Boðað er til annars fundar eftir 3 – 4 vikur og málinu lokað eða framhald ákveðið. Þetta fyrirkomulag hefur reynst einstaklega vel. Jólaverkstæði er búið að festa sér sess inn í okkar leikskólabrag og mun það verða 20. nóvember næstkomandi. Foreldradagur verður 9. apríl 2025 og þá gefst foreldrum kostur á að taka þátt í daglegu starfi okkar með börnum sínum og starfsfólki. Foreldrafélag var stofnað í leikskólanum 1997 og er enn starfandi við leikskólann. Allir foreldrar fá afhent eyðublað um markmið og störf foreldrafélagsins í fyrsta viðtali. Foreldrafélagið er með sína verkefnaáætlun og haldnir eru fimm til sex fundir yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Formaður í samráði við stjórn, skilar inn ársskýrslu og gjaldkeri skilar inn uppgjöri eftir hvert skólaár, yfirleitt að hausti.

Þegar erlendir foreldrar byrja með barn í leikskólanum þá er túlkabjónusta í boði til að fara yfir starfsemi leikskólans, undirskriftir, upplýsingagjöf og hvernig aðlögun er háttað ef þess er óskað. Ef þörf þykir þá er túlkur fenginn á meðan þátttökuáðlögun stendur yfir. Túlkur kemur einnig þegar foreldrasamtöl eru þar sem farið er yfir nám og þroska, mál og læsi, og hvernig við byggjum upp stuðning við móðurmál barns og íslensku, en öll börn í leikskólanum sem eru af erlendum uppruna og tvítýngd fá reglulega málörvunarkennslu í leikskólanum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

27. september - TMT námskeið fyrir starfsfólk Hulduheima

22. nóvember – Sameiginlegur skipulagsdagur innan Reykjavík Austurs

2. janúar – Starfsmannafundur, deildarfundur

6. febrúar – Ráðstefna

31. mars – Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl og endurmat

21. maí – Sameiginlegur skipulagsdagur innan Reykjavík Austurs



10 Fylgiskjöl

10.1 Leikskóladaatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladaatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NOVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ |
|-------|-----------|---------|----------|----------|--------|---------|------|-------|------|------|
| 1 F | 1 S | 1 Þ | 1 F | 1 S | 1 M | 1 L | 1 L | 1 Þ | 1 F | 1 S |
| 2 F | 2 M | 2 M | 2 L | 2 M | 2 F | 2 D | 2 D | 2 M | 2 F | 2 M |
| 3 L | 3 Þ | 3 F | 3 S | 3 Þ | 3 F | 3 M | 3 M | 3 F | 3 L | 3 Þ |
| 4 D | 4 M | 4 F | 4 M | 4 M | 4 L | 4 Þ | 4 Þ | 4 D | 4 F | 4 M |
| 5 M | 5 F | 5 L | 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 M | 5 L | 5 M | 5 F |
| 6 Þ | 6 M | 6 D | 6 M | 6 F | 6 M | 6 F | 6 F | 6 D | 6 Þ | 6 F |
| 7 M | 7 L | 7 M | 7 F | 7 Þ | 7 Þ | 7 F | 7 F | 7 M | 7 M | 7 L |
| 8 F | 8 S | 8 Þ | 8 F | 8 S | 8 M | 8 L | 8 L | 8 Þ | 8 F | 8 D |
| 9 F | 9 M | 9 M | 9 L | 9 M | 9 F | 9 D | 9 D | 9 M | 9 F | 9 M |
| 10 L | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 Þ | 10 F | 10 M | 10 M | 10 L | 10 M | 10 F |
| 11 S | 11 M | 11 F | 11 M | 11 F | 11 L | 11 Þ | 11 Þ | 11 F | 11 S | 11 M |
| 12 M | 12 L | 12 M | 12 F | 12 Þ | 12 D | 12 M | 12 M | 12 L | 12 M | 12 F |
| 13 Þ | 13 F | 13 S | 13 M | 13 F | 13 M | 13 F | 13 F | 13 Þ | 13 F | 13 S |
| 14 M | 14 L | 14 M | 14 F | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 F | 14 M | 14 M | 14 L |
| 15 F | 15 S | 15 Þ | 15 F | 15 S | 15 M | 15 L | 15 L | 15 Þ | 15 F | 15 S |
| 16 F | 16 M | 16 D | 16 M | 16 F | 16 M | 16 F | 16 F | 16 D | 16 Þ | 16 F |
| 17 L | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 Þ | 17 F | 17 M | 17 M | 17 L | 17 M | 17 F |
| 18 S | 18 M | 18 F | 18 M | 18 F | 18 L | 18 Þ | 18 Þ | 18 M | 18 F | 18 M |
| 19 M | 19 F | 19 L | 19 S | 19 Þ | 19 F | 19 M | 19 M | 19 L | 19 M | 19 F |
| 20 F | 20 M | 20 D | 20 M | 20 F | 20 M | 20 F | 20 F | 20 D | 20 Þ | 20 F |
| 21 M | 21 L | 21 M | 21 F | 21 Þ | 21 D | 21 M | 21 M | 21 L | 21 M | 21 F |
| 22 F | 22 S | 22 Þ | 22 F | 22 S | 22 M | 22 L | 22 L | 22 Þ | 22 F | 22 S |
| 23 F | 23 M | 23 M | 23 L | 23 M | 23 F | 23 D | 23 D | 23 M | 23 F | 23 M |
| 24 L | 24 Þ | 24 F | 24 S | 24 Þ | 24 F | 24 M | 24 M | 24 L | 24 M | 24 F |
| 25 S | 25 M | 25 F | 25 M | 25 F | 25 L | 25 Þ | 25 Þ | 25 F | 25 S | 25 M |
| 26 M | 26 L | 26 M | 26 F | 26 Þ | 26 F | 26 M | 26 M | 26 L | 26 M | 26 F |
| 27 Þ | 27 F | 27 S | 27 M | 27 F | 27 M | 27 F | 27 F | 27 D | 27 Þ | 27 F |
| 28 M | 28 L | 28 M | 28 F | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 F | 28 M | 28 F | 28 L |
| 29 F | 29 S | 29 Þ | 29 F | 29 S | 29 M | 29 L | 29 L | 29 Þ | 29 F | 29 S |
| 30 F | 30 M | 30 L | 30 M | 30 F | 30 M | 30 F | 30 F | 30 M | 30 F | 30 M |
| 31 L | 31 Þ | 31 F | 31 M | 31 F | 31 M | 31 L | 31 L | 31 M | 31 F | 31 M |

Í reglum um leikskólabjónustu segir:
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskólum.

10.2 Umsögn foreldraráðs

Ritað af: Bergþóru, Karitas og Ylfu f.h. foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Hulduheima hefur mótttekið og lesið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2024-2025. Starfsáætlunin er metnaðarfull, nákvæm og helst í samræmi við einkunnarorð og stefnu leikskólans.

Inna mat leikskólans er ítarlegt og ánægjulegt að lesa svör þeirra sem tóku þátt í svörum á innramati.

Foreldraráðið er einstaklega ánægt með að sjá aukna þátttöku starfsmanna í svörum á starfsmannakönnun leikskólans. Eftir þrjú ár af dræmri svörum skilaði góð hvatning og stuðningur frá leikskólastjóra sér í betri svörum starfsmanna þetta starfsárið en rúmlega helmingur starfsmanna



svaraði könnuninni í þetta sinn. Aukin þátttaka starfsmanna skilar sér í marktækri niðurstöðu könnunarinnar. Með áframhaldandi stuðningi leikskólastjóra og tillögum leikskólastjóra að betri svörun mun þátttaka starfsmanna í könnun næsta starfsárs án efa vera betri.

Það var ánægjulegt að sjá að þátttaka foreldra í könnunum er snýr að Þorra – og Góusamveru og Foreldradegi var góð og það er frábært að svona hátt hlutfall foreldra hafi gefið sér tíma til að svara könnuninni. Þannig fái leikskólastjórnendur raun mat á upplifun foreldra á þessum dögum sem er mikilvægt upp á samstarf og samveru foreldra og leikskólans.

Það verður að segjast að það er ávallt gleðilegt og gaman að sjá svörun elstu barnanna í könnun þeirra á innra mati leikskólans, svörin sem ávallt eru svo einlæg og á köflum broslæg. Það er miður að lesa að börnin upplifi að kennarar séu ekki að leika með í leik barnanna, en þarna getur mannekla síðasta skólaárs haft áhrif á upplifun barnanna. Þetta getur verið áskorun fyrir næsta starfsár að virkja starfsmenn í leik í starfi, bæði úti og inni, en góðar úrbótatillögur eru lagðar fram af leikskólastjóra sem eiga án efa eftir að skila sér, sérstaklega í útiveru komandi starfsárs.

Mannekla vegna veikinda síðasta skólaárs hefur sýnilega haft áhrif á yngri deildir leikskólans, þar sem mannekla hafði bein áhrif á deildarfundum, hópastarf, skráningar og almennt dagskipulag í einhverjum tilvikum. Góðar úrbótatillögur eru lagðar fram fyrir komandi starfsár, enda mikilvægt að starfsmenn deildanna nái að halda sína deildarfundum og skipuleggja sig vandlega. Það eykur skilvirkni, gefur aukna yfirsýn yfir helstu verkefni og markmið deildanna sem og skilar sér í meiri ánægju starfsmanna. Svo virðist sem mannekla hafi haft minni áhrif á eldri deildirnar, en skv. innra mati þeirra virðist sem dagskipulag og áætlun síðasta starfsárs hafi að mestu haldist eins og fyrri starfsáætlun lagði til. Foreldraráði finnst góðar tillögur hjá deildarstjórum eldri deilda að rólegri stund í matsal í hádeginu með að hleypa börnunum í minni hópum í hádegismatinn. Það mun án efa skila sér í jákvæðri upplifun barnanna í matartíma sem og jákvæðri svörun barnanna í næstu könnun á komandi starfsári.

Frábært er að heyra að hægt var að auka starfshlutfall starfsmanns sem vinnur með börnum með fjölbreyttan tungumála – og menningarbakgrunn. Það er einkar mikilvægt fyrir sjálfsmynd og sjálfstraust fjöltrygdra barna að efla þau í íslensku máli og styrkja þannig félagslegu tengsl þeirra í leikskólanum.

Samstarf leikskólans, Borgaskóla og Hvergilands var mjög gott, var í senn metnaðarfullt og í raun mikilvægt, eftir að í ljós kom að elstu börnin, 2018 árgangur, myndu úskrifast fyrr og vera þátttakendur í tilraunaverkefninu fyrr í frístund. Þetta er skemmtilegt og einstaklega árangursríkt samstarfsverkefni milli þessara 3 eininga, sem er mjög gefandi og nauðsynlegt fyrir bæði börnin og foreldrana, sem allir fyllast meira öryggis með yfirfærslu barnanna frá leikskóla yfir í grunnskóla. Í



foreldraráði eru 2 aðilar af 3 sem eiga börn í þessum árgangi og við erum hæst ánægð með þessa útfærslu, bæði samstarfsverkefni leikskóla, skólans og frístundarinnar sem og að börnin hafi farið fyrir í frístund. Þetta hefur verið mjög eflandi fyrir börnin, þau kynnast skólanum og frístundinni mun betur en ella, mynda sterkari félagsleg tengsl við bekkinn sinn og fara miklu betur undirbúin yfir í næsta fasa skólagöngunnar. Börnin eru sjálfsöuggari með bros á vör og tilhlökkun í fararbroddi.

Eins og í fyrri starfsáætlun eru áætlaðir skipulagsdagar á komandi starfsári samtals 6 heilir dagar og dreifast þeir nokkuð jafnt yfir skólaárið. Af þeim 6 áætluðum skipulagdögum eru 2 dagar sameiginlegir með öðrum leik- og grunnskólum í hverfinu. Foreldraráðið er mjög ánægt að sjá að „covid 19 áhrifin“ með tilheyrandi takmörkunum eru horfin af skóladagatali leikskólans og gamlir góðir dagskrárliðir eru komnir filefldir aftur á dagskrá, með tilheyrandi samveru barna, foreldrum þeirra og starfsmönnum í leikskólanum. Þar má nefna jólaverkstæði, Þorra- og Góusamveru og Foreldradaga. Allar eru þessar samverustundir mikilvægar fyrir börnin og ekki síður mikilvægar fyrir foreldrana að fá að upplifa leikskólann með börnum sínum.

Eins og áður sagði er starfsáætlun 2024-2025 metnaðarfull, nákvæm og í anda stefnu leikskólans. Skólaárið árið 2024 – 2025 mun án efa vera ánægjulegt og skemmtilegt, enda vel skipulagt með hinum ýmsum ævintýrum í bland við góða skóla dagskrá. Foreldraráð vill nota tækifærið og þakka starfsmönnum leikskólans, öllum sem einum, fyrir frábærlega vel unnin störf og góða samvinnu við foreldra. Manneklan hefur eflaust tekið sinn toll af starfsmönnunum á liðnu starfsári en svo var ekki að sjá. Enda eru starfsmenn Hulduheima ofurhetjur í okkar augum, einlæg og einstaklega góðar fyrirmyndir fyrir börnin okkar sem þar eru. Hluti foreldraráðs segir nú skilið við Hulduheima þar sem börn þeirra útskrifuðust í vor. Minningarbanki bæði barna og foreldra útskrifaðra leikskólanemanda er fullur af góðum, gleðilegum, kátum og dýrmætum minningum frá leikskólanum enda er starfið og starfsfólkið þar ómetanlegt í alla staði. Orð leikskólastjórans eiga vel við sem lokaorð okkar, eingöngu þarf að ráða í 2 stöður þar sem stór meirihluti starfsfólks verður áfram starfandi á næsta skólaári. Þetta eru svo sannarlega stórgóð meðmæli með góðum vinnustað.

10.3 Önnur fylgiskjöl



F. h. leikskólans

Inga Birna Sigurðardóttir
Leikskólastjóri

5.júlí 2024
Dagsetning



Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Hulduheimar

Umsögn foreldraráðs

Ritað af: Bergþóru, Karitas og Ylfu f.h. foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Hulduheima hefur mótttekið og lesið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2024-2025. Starfsáætlunin er metnaðarfull, nákvæm og helst í samræmi við einkunnarorð og stefnu leikskólans.

Innra mat leikskólans er ítarlegt og ánægjulegt að lesa svör þeirra sem tóku þátt í svörun á innramati.

Foreldraráðið er einstaklega ánægt með að sjá aukna þátttöku starfsmanna í svörun á starfsmannakönnun leikskólans. Eftir þrjú ár af dræmri svörun skilaði góð hvatning og stuðningur frá leikskólastjóra sér í betri svörun starfsmanna þetta starfsárið en rúmlega helmingur starfsmanna svaraði könnuninni í þetta sinn. Aukin þátttaka starfsmanna skilar sér í marktækri niðurstöðu könnunarinnar. Með áframhaldandi stuðningi leikskólastjóra og tillögum leikskólastjóra að betri svörun mun þátttaka starfsmanna í könnun næsta starfsárs án efa vera betri.

Það var ánægjulegt að sjá að þátttaka foreldra í könnunum er snýr að Þorra – og Góusamveru og Foreldradegi var góð og það er frábært að svona hátt hlutfall foreldra hafi gefið sér tíma til að svara



könnuninni. Þannig fái leikskólastjórnendur raun mat á upplifun foreldra á þessum dögum sem er mikilvægt upp á samstarf og samveru foreldra og leikskólans.

Það verður að segjast að það er ávallt gleðilegt og gaman að sjá svörun elstu barnanna í könnun þeirra á innra mati leikskólans, svörin sem ávallt eru svo einlæg og á köflum brosleg. Það er miður að lesa að börnin upplifi að kennarar séu ekki að leika með í leik barnanna, en þarna getur mannekla síðasta skólaárs haft áhrif á upplifun barnanna. Þetta getur verið áskorun fyrir næsta starfsár að virkja starfsmenn í leik í starfi, bæði úti og inni, en góðar úrbótatillögur eru lagðar fram af leikskólastjóra sem eiga án efa eftir að skila sér, sérstaklega í útiveru komandi starfsárs.

Mannekla vegna veikinda síðasta skólaárs hefur sýnilega haft áhrif á yngri deildir leikskólans, þar sem mannekla hafði bein áhrif á deildarfundum, hópastarf, skráningar og almennt dagskipulag í einhverjum tilvikum. Góðar úrbótatillögur eru lagðar fram fyrir komandi starfsár, enda mikilvægt að starfsmenn deildanna nái að halda sína deildarfundum og skipuleggja sig vandlega. Það eykur skilvirkni, gefur aukna yfirsýn yfir helstu verkefni og markmið deildanna sem og skilar sér í meiri ánægju starfsmanna. Svo virðist sem mannekla hafi haft minni áhrif á eldri deildirnar, en skv. innra mati þeirra virðist sem dagskipulag og áætlun síðasta starfsári hafi að mestu haldist eins og fyrri starfsáætlun lagði til. Foreldraráði finnst góðar tillögur hjá deildarstjórum eldri deilda að rólegri stund í matsal í hádeginu með að hleypa börnunum í minni hópum í hádegismatinn. Það mun án efa skila sér í jákvæðri upplifun barnanna í matartíma sem og jákvæðri svörun barnanna í næstu könnun á komandi starfsári.

Frábært er að heyra að hægt var að auka starfshlutfall starfsmanns sem vinnur með börnum með fjölbreyttan tungumála – og menningarbakgrunn. Það er einkar mikilvægt fyrir sjálfsmynd og sjálfstraust fjöltrygdra barna að efla þau í íslensku máli og styrkja þannig félagslegu tengsl þeirra í leikskólanum.

Samstarf leikskólans, Borgaskóla og Hvergilands var mjög gott, var í senn metnaðarfullt og í raun mikilvægt, eftir að í ljós kom að elstu börnin, 2018 árgangur, myndu úskrifast fyrr og vera þátttakendur í tilraunaverkefninu fyrr í frístund. Þetta er skemmtilegt og einstaklega árangursríkt samstarfsverkefni milli þessara 3 eininga, sem er mjög gefandi og nauðsynlegt fyrir bæði börnin og foreldrana, sem allir fyllast meira öryggis með yfirfærslu barnanna frá leikskóla yfir í grunnskóla. Í foreldraráði eru 2 aðilar af 3 sem eiga börn í þessum árgangi og við erum hæst ánægð með þessa útfærslu, bæði samstarfsverkefni leikskóla, skólans og frístundarinnar sem og að börnin hafi farið fyrr í frístund. Þetta hefur verið mjög eflandi fyrir börnin, þau kynnast skólanum og frístundinni mun betur en ella, mynda sterkari félagsleg tengsl við bekkinn sinn og fara miklu betur undirbúin yfir í næsta fasa skólagöngunnar. Börnin eru sjálfsöruggari með bros á vör og tilhlökkun í fararbroddi.



Eins og í fyrri starfsáætlun eru áætlaðir skipulagsdagar á komandi starfsári samtals 6 heilir dagar og dreifast þeir nokkuð jafnt yfir skólaárið. Af þeim 6 áætluðum skipulagdögum eru 2 dagar sameiginlegir með öðrum leik- og grunnskólum í hverfinu. Foreldraráðið er mjög ánægt að sjá að „covid 19 áhrifin“ með tilheyrandi takmörkunum eru horfin af skóladagatali leikskólans og gamlir góðir dagskrárliðir eru komnir fíleflDIR aftur á dagskrá, með tilheyrandi samveru barna, foreldrum þeirra og starfsmönnum í leikskólanum. Þar má nefna jólaverkstæði, Þorra- og Góusamveru og Foreldradaga. Allar eru þessar samverustundir mikilvægar fyrir börnin og ekki síður mikilvægar fyrir foreldrana að fá að upplifa leikskólann með börnum sínum.

Eins og áður sagði er starfsáætlun 2024-2025 metnaðarfull, nákvæm og í anda stefnu leikskólans. Skólaárið árið 2024 – 2025 mun án efa vera ánægjulegt og skemmtilegt, enda vel skipulagt með hinum ýmsum ævintýrum í bland við góða skóla dagskrá. Foreldraráð vill nota tækifærið og þakka starfsmönnum leikskólans, öllum sem einum, fyrir frábærlega vel unnin störf og góða samvinnu við foreldra. Manneklan hefur eflaust tekið sinn toll af starfsmönnum á liðnu starfsári en svo var ekki að sjá. Enda eru starfsmenn Hulduheima ofurhetjur í okkar augum, einlæg og einstaklega góðar fyrirmyndir fyrir börnin okkar sem þar eru. Hluti foreldraráðs segir nú skilið við Hulduheima þar sem börn þeirra útskrifuðust í vor. Minningarbanki bæði barna og foreldra útskrifaðra leikskólanemanda er fullur af góðum, gleðilegum, kátum og dýrmætum minningum frá leikskólanum enda er starfið og starfsfólkið þar ómetanlegt í alla staði. Orð leikskólastjórans eiga vel við sem lokaorð okkar, eingöngu þarf að ráða í 2 stöður þar sem stór meirihluti starfsfólks verður áfram starfandi á næsta skólaári. Þetta eru svo sannarlega stórgóð meðmæli með góðum vinnustað.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bergþóra Guðnadóttir
Karítas Dan Þórarinsdóttir
Ylfa Sigprúðardóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum



samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:



- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



